



## **Barnahermenn**

Saklaus fórnarlömb eða kaldrifjaðir morðingjar?

Margrét Lúthersdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Barnahermenn**  
***Saklaus fórnarlömb eða kaldrifjaðir morðingjar?***

Margrét Lúthersdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði  
Leiðbeinandi: Guðlaug I. Tinna Grétarsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Margrét Lúthersdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Þessi heimildaritgerð fjallar um gerendahæfni (e. agency) barnahermanna. Undanfarin ár hafa umfangsmiklar samfélagsbreytingar átt sér stað er varða rannsóknir á börnum og barnæsku. Staða barna innan mannfræðinnar hefur styrkst og hefur rannsóknum bæði á og með börnum fjölgað. Vestrænar hugmyndir sem líta svo á að börn séu saklausir og viðkvæmir einstaklingar hafa átt stóran þátt í að skilgreina þá lagaramma sem snúa að barnahermönnum. Í kjölfarið hafa ýmis atriði varðandi veruleika barnahermanna verið hunsuð. Til að mynda er þátttaka stúlkna í vopnuðum átökum að aukast en þegar rætt er um barnahermenn er sjaldnast talað um herstúlkur, aðeins herdregi. Gerendahæfni barnahermanna er bæði viðkvæmt og flókið mál. Afar einfölduð mynd hefur verið dregin upp af barnahermönnum í fjölmiðlum og almennri orðræðu þar sem barnahermenn eru sýndir annað hvort sem fórnarlömb eða kaldrifjaðir morðingjar. Slík einföldun gerir lítið annað en að fjarlægja umræðuna um barnahermenn frá raunveruleikanum. Niðurstaða ritgerðarinnar er sú að barnahermenn eru á gráu svæði. Líkt og orðið barnahermenn sem kann að hljóma eins og þversögn, eru þau bæði gerendur og þolendur. Þau hafa gerendahæfni sem gerir þeim kleift að taka ákvarðanir innan þess ramma sem þeim er gefinn en þau eru jafnframt fórnarlömb aðstæðna sem þau ráða ekkert við.

[Lykilhugtök: barnæska, mannfræði, barnahermenn, gerendahæfni, sáttmálar, endurhæfing]

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. kafli: Samfélagsbreytingar .....	5
1.1 Líkar mannfræðingum ekki við börn? .....	7
1.2 Rannsóknir á og með börnum.....	10
2. kafli: Börn í stríði .....	12
2.1 Hvað eru barnahermenn?.....	14
2.2 Ný og gömul umræða .....	15
2.3 Stúlkur í átökum .....	18
2.4 Gerendur eða þolendur?.....	20
3. kafli: Sáttmálar og lagarammar .....	23
4. kafli: Eftirmálar .....	25
4.1 Afvopnun og aftenging .....	26
4.2 Sættir og samþætting .....	27
4.3 Hvað er til ráða? .....	29
Lokaorð .....	32
Heimildaskrá .....	35

## Inngangur

Í gegnum tíðina hafa raddir barna verið fáheyrðar í mannfræðinni en með tilkomu aukins áhuga almennings á börnum og málefnum þeirra hafa rannsóknir og kenningar sem snúast um börn og barnæskuna orðið viðameiri síðastliðin ár. Börn eru nú komin fram á sjónarsviðið og rannsóknum um þau heldur áfram að fjölga. Í þessari ritgerð er gerð tilraun til þess að fjalla um barnahermenn og varpa ljósi á þann flókna veruleika sem þeir búa við. Í umræðu minni styðst ég við rannsóknir sem snúa að börnum, barnahermönnum og átökum. Mannfræðingar hafa verið að skoða barnahermenn og stöðu þeirra í auknum mæli síðastliðna áratugi. Í rannsóknum sínum hafa þeir keppt við að sýna fram á það að barnahermenn eru ekki einungis saklaus fórnarlömb heldur hafa þeir gerendahæfni (e. agency) sem gerir þá ábyrga fyrir gjörðum sínum. Börn hafa í gegnum tíðina ekki haft mikla gerendahæfni að mati fullorðna og verið álitin óvirk, jafnvel óvirk fórnarlömb líkt og gjarnan er litið á börn í þróunarlöndum. Í gegnum ritgerðina er hugtakið gerendahæfni rauði þráðurinn þar sem ég leitast við að svara þeirri spurningu hvort barnahermenn séu í raun saklaus fórnarlömb eða kaldrifjaðir morðingjar. Er staða barnahermanna jafnvel ekki svona klippt og skorin? Það segir sig kannski sjálfst að það er ekkert einfalt við fyrirbærið barnahermaður, jafnvel hugtakið á það til að vefjast fyrir fólki. Þurfa barnahermenn að vera annað hvort gerendur eða þolendur eða er staða þeirra flóknari en svo að hægt sé að flokka þá í þægilega dilka?

Ég byrja umræðu mína á að skilgreina hugtökin börn og barnæsku. Mikilvægt er að átta sig á því að þessi hugtök merkja ekki það sama alls staðar í heiminum til þess að geta varpað ljósi á stöðu barnahermanna, bæði í alþjóðasamfélaginu sem og heima fyrir. Í framhaldi af því má svo velta því fyrir sér hvernig barnahermaður er skilgreindur samkvæmt alþjóðlegum lagarömmum. Ég velti einnig upp spurningum um ný og gömul stríð með áherslu á það hvort barnahermenn séu nýtt eða gamalt fyrirbæri. Hafa börn alltaf verið viðloðandi við átök í gegnum aldirnar eða er þetta nýtilkomið fyrirbæri sem hefur færst í aukana með borgarastríðum? Ég skoða kenningar sem fjalla um þetta mál til þess að reyna að sýna fram á það að börn hafa í gegnum aldirnar tekið þátt í átökum þrátt fyrir að þátttaka þeirra hafi ekki endilega verið í þeirri mynd sem við þekkjum núna. Barnasáttmálinn og fleiri alþjóðlegir lagarammar hafa verið samþykktir til þess að reyna meðal annars að sporna við notkun barnahermanna í stríðsátökum. En hvaða gagn gera þeir í raun og veru? Hvernig er þeim fylgt eftir og hvað gefur til kynna að uppreisnarleiðtogar fylgi þeim eftir? Til eru tilfelli þar sem uppreisnarleiðtogar hræðast ekki refsingu og óhlýðnast því alþjóðlegum lögum sökum þess að þeir eru fullvissir um að ekki sé hægt að sækja þá til saka. Farið verður ofan í kjölinn á nytsemi slíkra lagaramma og þá togstreitu sem myndast getur á milli alþjóðastofnanna og

heimamanna. Reglur alþjóðastofnanna og heimamanna geta verið ólíkar sem og skilgreiningar þeirra á hugtökum eins og börn og barnæska. Þetta hefur áhrif á það hvernig unnið er í málum barnahermanna. Að lokum skoða ég það endurhæfingarferli sem barnahermenn þurfa að ganga í gegnum til þess að verða börn á ný. Ég fjalla um þau úrræði sem bíða barnahermanna að loknum stríðsátökum í þeirri von um að varpa frekari ljósi á aðrar lausnir sem gætu virkað. Þetta er afar viðkvæmt, margþætt og flókið mál og því er sá möguleiki fyrir hendi að ekki sé hægt að finna eina lausn sem hentar í öllum aðstæðum, enda öll átök mismunandi og allir uppreisnarhópar fjölbreyttir og vinna þeir með ólíkar aðferðir.

Ritgerðin skiptist í fjóra meginkafla. Fyrsti kaflinn byrjar á umræðu um börn og barnæsku, bæði í almennri samfélagsorðræðu sem og fræðilegri. Ég ræði ólíkar aðferðir sem notast er við í rannsóknum á börnum, þar á meðal tek ég dæmi um óhefðbundnar aðferðir sem notaðar hafa verið. Í öðrum kafla tek ég fyrir hugtakið barnahermenn og styðst við skilgreiningar og tölfræðilegar staðreyndir sem ég nota til að opna umræðuna og dýpka skilning lesandans á lífi og störfum barnahermanna. Verkefni barnahermanna eru mun fjölbreyttari en fjölmiðlar gefa til kynna. Sú mynd sem dregin er upp af barnahermönnum er oft bundin í staðalímyndir og fyrirframgefnar hugmyndir sem almenningur hefur. Í öðrum kafla er umræðan um ný og gömul stríð einnig tekin fyrir sem og vangaveltur um gerendahæfni barnahermanna. Ég segi frá upplifun barnahermanna til þess að varpa ljósi á það gráa svæði sem þeir eru oft staddir í. Gerður er greinarmunur á störfum herstúlkna og herdrengja í þeim tilgangi að varpa ljósi á ólíkan veruleika kynjanna. Mun minna hefur verið fjallað um herstúlkur og hlutverk kvenna í stríðsátökum en sannleikurinn er sá að stúlkur taka líka beinan þátt í átökum á margvíslega vegu. Þriðji kaflinn fjallar um nytsemi sáttmála og lagaramma þegar kemur að málefnum barnahermanna. Orðræða þeirra hefur ýtt undir þær fyrirframgefnu hugmyndir sem einstaklingar hafa um barnahermenn. Jafnframt beini ég sjónum að þeirri togstreitu sem getur myndast á milli alþjóðlegra lagaramma og þeirra lagaramma sem samfélagið fylgir þegar meðhöndla á barnahermenn eftir stríðsátök. Fjórði og jafnframt síðasti kaflinn fjallar um þá eftirmála sem barnahermenn standa frammi fyrir að stríði loknu. Farið er yfir það ferli sem barnahermenn þurfa að ganga í gegnum til þess að verða nýttir samfélagsþegnar á ný. Það ferli skiptist í þrennt, afvopnun, aðlögun og samþættingu sem síðan verður að fylgja eftir með miklum stuðningi. Að lokum er farið yfir hvort og hvaða lausnir séu til sem hægt er að nota og koma þannig í veg fyrir að börn séu fengin til liðs við uppreisnarhópa og notuð í vopnuðum átökum.

Með þessari ritgerð vil ég varpa ljósi og dýpka skilning fólks á málefnum barnahermanna. Ég vil sýna fram á að það eru fleiri hliðar á málefnum þeirra en við kynnumst

í fjölmiðlaumræðum þar sem umfjöllunin um barnahermenn er oft afar einfölduð. Markmiðið er að draga fram flóknari mynd af veruleika barnahermanna en við höfum áður kynnst. Barnahermenn búa ekki eingöngu við eynd og volæði, þó að það sé vissulega líka í partur af tilveru þeirra þá getur það reynst gagnlegt fyrir barnahermenn að varpa ljósi á fleiri hliðar veruleika þeirra. Með því að gera slíkt fæst dýpri þekking á málum barnahermanna sem hægt er að styðjast við til að finna varanlega lausn á þeim vandamálum sem fylgja barnahermönnum.

## 1. kafli: Samfélagsbreytingar

Hvað er barn? Hugmyndir um börn og barnæskuna eru ekki algildar og þrátt fyrir að 1. grein í 1. hluta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að barn sé hver sá einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri, þá er það einnig tekið fram að undanþága frá þessu er ef að einstaklingurinn nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögunum sem hann lýtur (Barnasáttmálinn, 1989, 1.gr). Hugmyndir um barnæskuna og börn hafa breyst í gegnum aldirnar. Í vestrænum samfélögum er barnæska iðulega skilgreind eftir aldri og er það fyrirkomulag sem hinn vestræni heimur hefur reynt að koma á annars staðar í heiminum með alþjóðlegum lagasetningum. Sagnfræðingurinn Philippe Ariés (1962) lagði fram þá kenningu í bók sinni *Centuries of Childhood* að barnæskan væri tiltölulega nýtt hugtak. Hugtakið hefði ekki verið til í Evrópu miðalda og þess fór ekki að gæta fyrir en á 16. og 17. öld og þá var það aðallega hjá efri stéttunum. Hugtakið komst ekki í almenna notkun fyrr en á 20. öldinni hjá bæði efri og neðri stéttum. Hann á þó ekki við að það hafi einungis verið til fullorðið fólk og að barnæskan sé fyrirbæri nútímans, heldur vill hann meina að einstaklingar sem við sjáum nú sem börn voru álitnir fullorðnir. Á miðöldum var 7 ára einstaklingur álitinn fullorðinn. Börn voru tekin í tölu fullorðinna ung að árum. Þau voru litlir fullorðnir eins og Ariés orðaði það. Áður en hugtökin barn og barnæska komust í almenna notkun voru börn lítið sem ekkert rannsökuð, því eins og Ariés bendir á þá voru þau ekki til í þeim skilningi sem við þekkjum þau. Sagan hefur einblínt á konunga, aðalsmenn, stríð og ris og fall ríkisstjórna og heimsvelda. Því var kenning Ariés afar umdeild og byltingarkennd á sínum tíma og þó svo að hann hafi ekki verið fyrstur til þess að koma með róttækar kenningar um barnæskuna og skilning á henni þá hefur kenning hans engu að síður haft mikil áhrif á félagsvísindin og þá sérstaklega þau fræði sem beinast að börnum (Ariés, 1962).

Lýsingar á börnum og hefðbundnum venjum þeirra hafa birst í textum ýmissa menningarheima, bæði vestrænum og öðrum fyrir 20. öldina. Þetta á við um til dæmis frásagnir ferðamanna af framandi heimum. Á 20. öldinni varð aukning á áhuga almennings á



börnum í vestrænum samfélögum, áhuginn birtist meðal annars í bókmenntafræðum og fréttaskýringum sem sýndu börn sem saklaus fórnarlömb efnahagslegrar misnotkunar. Hreyfingar spruttu upp sem ætluðu að útrýma barnaþrælkun og veita munaðarlausum börnum umönnun. Komið var á lögum sem gerðu skólasókn að skyldu og reynt var að koma á fót empirískum (e. empirical) vísindum sem koma áttu í stað trúar- og heimspekikenna um börn. Áhugi almennings hafði verið stofnanavæddur með skólum, munaðarleysingjahælum og læknávisindum, en á árunum 1880-1920 var barnæskan afar mikið mótuð eftir hugtökum barnalækninga. Í kringum 1920 vaknaði skyndilegur áhugi almennings á kenningum Sigmund Freud um barnæskuna, en hann hélt því fram að börn væru ekki bara tilfinningamiklar og ástríðufullar verur heldur væru þau einnig berskjölduð fyrir áhrifum frá foreldrum sínum. Það þótti vinsælt að ýkja eða afbaka kenningar hans í almennri orðræðu, en kenningar hans höfðu það einnig í för með sér að áhuginn beindist að vangaveltum um hvað væri eðlilegt barn og hvenær börn hætta að vera börn og verða fullorðin (LeVine, 2007:248).

Árið 1979 varð mikil vakning á málefnum barna þegar alþjóðlegu ári barnanna var hleypt af stokkunum, í kjölfarið birtust myndir af fátækum börnum sem voru aðframkomin af hungri og báru augljós merki þess að vera illa á sig komin eftir stríðsátök í heimalandi sínu. Hugtakið heimsbörn kom fram á sjónarsviðið hjá alþjóðastofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðaheilbrigðisstofnun. Á sama tíma stóðu auðugir hópar í vestrænum samfélögum frammi fyrir mikilli gjá á milli hugsjónar sinnar um barnæsku og raunveruleika margra barna í þriðja heiminum. Áratugi seinna varð sprengja í fjölmiðlaumfjöllun um ofbeldi á börnum og þá sérstaklega kynferðisofbeldi, sem gerði það að verkum að íbúar í hinum vestræna heimi gátu ekki lengur lokað augunum fyrir því sem var að gerast og hugmyndir þeirra um sakleysi, hamingju og öryggi barnæskunnar urðu að engu (Stephens, 1995:7-8). Vaxandi áhyggjur af börnum og sú athygli sem þau fengu leiddi ekki bara til breytinga í hugsunarhætti á meðal almennings heldur líka í fræðasamfélaginu (James og Prout, 1990:2).

Sú hugmynd að börn hafi sína eigin menningu leggur grunninn að hugmyndum um gerendahæfni barna, einnig leggur hún áherslu á mikilvægi annarra barna í félagsmótunarferlinu. Að sumu leyti er hugmyndin um menningu barna sprottin út frá algildri hugmynd sem sýnir börn í skapandi og hvatvísu leikjum. Þetta sjónarhorn vinnur oft samhliða þeirri aðferð að safna saman upplýsingum um leiki barna, vísur og lög. Þessi algilda sýn getur verið hjálpleg en það er einnig mikilvægt að hugsa um menningu barna á fleiri vegu. Mikilvægt er að hugsa um börn sem félagslega gerendur með eigin réttindi sem reyna að vinna að því að skapa heiminn sem þau munu erfa (Stephens, 1995:23-24). Alcinda Honwana (2005) rannsakaði áhrif stríðsátaka á ungt fólk í Mósambík. Hún telur að eftir því sem að bilið

á milli barnæsku og fullorðinsára breiðkar, þróa einstaklingar með sér sinn eigin táknræna heim.

Algeng skilgreining á barnæskunni í hinum vestræna heimi er sú að börn ganga í gegnum nokkur þroskastig, einnig er almennt litið svo á að barnæskan sé einskonar andstæða við fullorðinsárin. Þetta gerir það að verkum að barnæskan er talin vera eðlilegur þáttur af mannlegri tilveru, eitthvað sem mótast meira af líffræðilegum þáttum heldur en menningarlegum. Barnæskuna þarf að vernda fyrir hörðum raunveruleika fullorðinsáranna og vegna þessa viðhorfs eru börn í millibilsástandi eins og Honwana kallar það, þau eru verðandi samfélagsþegnar og verðandi fullorðnir einstaklingar í stað þess að vera. Barnæskan er sveipuð sakleysi og hamingju, í það minnsta á hún að vera þannig samkvæmt vestrænum miðstéttum. En jafnvel þó að þessar hugmyndir séu algildar og alþjóðlegar samkvæmt vestrænum menningarheimi þýðir það ekki að þannig sé það alls staðar. Ýmsar skilgreiningar á börnum eru til og margar af þeim eiga ekkert skylt við þá mynd sem vestræn menning hefur búið til. Í sumum menningarheimum eru börn látin vinna erfiðisvinnu og látin bera mikla ábyrgð ung að aldri (Honwana, 2005:34). Að vera barn í þessum skilningi hefur oft lítið að gera með aldur og meira að gera með félagslegt hlutverk, væntingar og ábyrgð. Líkt og Allison James og Alan Prout (1990:3) hafa bent á þá getur það verið gagnlegt að líta á barnæskuna sem félags- og sagnfræðilega sköpun frekar en algilda hugmynd, það getur þýtt að barnæskan sem stofnun gefur okkur túlkunarlegan ramma til þess að skilja fyrstu ár mannglegrar tilveru.

### *1.1 Líkar mannfræðingum ekki við börn?*

Af hverju ættu mannfræðingar að hafa áhuga á börnum? Þetta er spurning sem fræðikonan Charlotte Hardman velti fyrir sér fyrir 38 árum síðan. Hún vill komast að því hvernig hægt sé að túlka leiki barna og hvernig þau sjá heiminn. Hardman heldur því fram að líkt og konur, þá hafi börn í gegnum tíðina verið þöggðuð í ýmsum fræðigreinum þar með talið mannfræði. Hardman spyr hvernig finna megi aðferð til þess að nálgast börn án þess að reyna finna út hvað hegðun þeirra geti sagt okkur um hegðun fullorðinna. Hún leggur til að við lítum á börn sem einstaklinga sem rannsaka eigi út frá þeirra eigin forsendum. Hardman vill meina að það sé til menning sem tilheyrir einungis börnunum sjálfum og er algjörlega óskyld menningu fullorðinna. Umhverfi leikvallararins er hægt að horfa á sem eitt samhangandi táknrænt kerfi, síðan er hægt að notast við það til að afhjúpa ákveðinn strúktúr sem börnin hafa skapað. Hlutirnir í umhverfinu öðlast hlutverk, en ekki fyrir það sem þeir eru heldur fyrir þá merkingu

sem börnin leggja í þá. Börn hafa trú, tákni, gildi og félagsleg samskipti sem einskorðast við þeirra menningu og aldur (Hardman, 1973:87).

James og Prout (1990) halda því fram að það sé afar mikilvægt að barnæskan sé túlkuð sem félagsleg samsetning. Það er að segja að barnæskan sem stofnun gefi okkur túlkunarlegan ramma til þess að skilja æskuár mannsins. Á þessum forsendum er það frekar líffræðilegur vanþroski heldur en barnæskan sjálf sem er alþjóðlegur og eðlilegur. Vanþroski barna er líffræðileg staðreynd en sá skilningur sem lagður er í þennan líffræðilega vanþroska er menningarleg staðreynd. Það er sú staðreynd sem er fjölbreytileg á milli menningarheima og það er þessi staðreynd sem gerir það að verkum að barnæska er félagslegt fyrirbæri. James og Prout telja einnig að ef litið er á barnæsku sem breytu fyrir félagslega greiningu þá sé aldrei hægt að aðskilja hana frá öðrum breytum eins og stétt, kyn eða þjóðerni. Þau halda því einnig fram eins og margir kollegar þeirra að barnæskuna og tengsl barna verði að skoða í félagslegu samhengi barnanna sjálfra en ekki í því félagslega samhengi sem fullorðnir hafa skapað þeim. Auk þessa eru þau einnig á því að ekki eigi að líta á börn sem óvirk í félagslegri sköpun og félagslegum ferlum. Börn skapa og móta sinn eigin veruleika og móta þannig eigið félagslega líf sem og líf annarra í kringum sig (James og Prout, 1990:3-8).

Áhrif þróunarkenninga gætir í rannsóknum og kenningum mannfræðinga um hið frumstæða. Þeir notuðu börn og barnæskuna til þess að bera saman börn og villimenn í þeim tilgangi að reyna að finna sameiginlega eiginleika. Mannfræðingar sem voru undir áhrifum frá kenningum sálgreiningar (e. psychoanalysis) litu svo á að tilvist einstaklinga eða heillrar menningar væri falin í barnæskunni, en sú hugmynd leiddi til margra misheppnaðra rannsókna, eins og til dæmis leitin að ödipusarduld á meðal Tróbríandbúa eða Hopi indjána. Þá töldu sumir að barnæskan og félagsmótunarferlið gæti sagt þeim eitthvað til um fullorðinsárin, sú sýn er ekki ólík sálgreiningarsjónarhorninu en þó er hún ekki eins róttæk. Prout og James (1990) gagnrýna hins vegar félagsmótunarkenningar fyrir að rannsaka börn út frá samfélagstofnunum sem ala börnin upp. Félagsmótunarhugtakið er komið frá störfum kennara og félagsráðgjafa sem hindrar fræðimenn og konur í að rannsaka börn á þeirra forsendum og út frá þeirra umhverfi. En engin af fyrrnefndum rannsóknum fjalla þó um upphaf rannsókna á börnum í mannfræði og engar af þeim náðu yfir gildi, hefðir og túlkanir barna (Hardman, 1973:86-87). Margaret Mead var einna fyrst í mannfræðinni til þess að rannsaka börn og barnæskuna út frá þeirra gildum. Hún fór til Samóa eyja í þeim tilgangi að skrá niður og rannsaka áhrif menningar á einstaklinga. Í kjölfarið skrifaði hún bókina *Coming of Age in Samoa* sem gefin var út árið 1929. Mead skoðaði einnig börn á Nýju Gíneu og ungabörn á Balí. Í hverri rannsókn fyrir sig skilaði hún menningarlegri greiningu á

uppvaxtarferlinu með því að skrá niður hegðun og samskipti barna en að hennar mati gat barnæskan haft mikið að segja til um menningarlegan strúktúr samfélaga. Þessar hugmyndir hennar um barnæskuna áttu mikinn þátt í að bjóða hefðbundnum vestrænum hugmyndum um þróun barnæskunnar byrginn (Hardman, 1973:86).

Lawrence A. Hirschfeld (2002) er sammála Hardman að börn hafi verið mikið á jaðrinum í rannsóknum mannfræðinnar. Enn frekar telur hann að til séu lögmætar og sannfærandi ástæður fyrir því af hverju börn eigi að fá meiri athygli í fræðunum og það er það sem hann vill sýna fram á. Mannfræðin hefur haldið börnum á jaðrinum af þremur ástæðum. Aðalástæðurnar eru tvíþættar, annars vegar vegna þess að börn eru einstaklega fær í að aðlagast menningu fullorðinna og hins vegar vegna þess að þau eru ekki síður leikin við að skapa sína eigin menningu. Ef við skoðum menningu barna og skynjun þeirra getum við öðlast dýpri skilning á okkar eigin menningarlega umhverfi en margt í umhverfi okkar og menningu er til staðar einmitt vegna þess að það var skapað og mótað í hugarheimi barna (Hirschfeld, 2002:27). Þriðja ástæðan fyrir því að mannfræðin hefur ekki haft mikinn áhuga á börnum er sú hugmynd að menning sé erfð en ekki lærð, en hún hefur notið mikilla vinsælda í mannfræðinni síðastliðna áratugi. Að mati Hirschfeld er það hins vegar augljóst að börnin bera hitann og þungan af þeirri vinnu sem felst í því að læra menningu, venjur og hefðir í samfélögum og þrátt fyrir að fullorðnir neiti að sjá það þá eru börn lunknir þátttakendur í menningarlegum hefðum (Hirschfeld, 2002:28). Fleiri skýringar eru þó á lofti á því af hverju börnum hefur verið haldið á jaðrinum í mannfræðinni. Ein af þeim skýringum byggir sektarkennd, en sú staðreynd að mannfræðingar báru saman hugsanir barna við frumstæða hugsun villimanns vekur upp óþægindi á meðal nútíma mannfræðinga, þrátt fyrir að þeir hafi ekki sjálfir tekið þátt í því þá hefur þessi neyðarlegi samanburður – líkt og kenningarnar um þróunarstigið – snúið mörgum frá því að rannsaka börn að öllu leyti (Hirschfeld, 2002:29). Hardman vill meina að börn hafi þurft að finna fyrir sömu kerfisbundnu útilokuninni og mæður þeirra í mannfræðinni vegna þess að börn eru iðulega tengd við konur og heimilið (1973:87) en þessu er Hirschfeld ekki sammála. Hann er einnig ósammála þeirri fullyrðingu að börn séu menningarlega vanhæfir einstaklingar sem séu í besta falli viðaukar við samfélag fullorðinna en þannig hafa þau oft birst í fræðunum, sem fullorðnir í mótun. Hirschfeld hrekur þessar útskýringar. Í byrjun 20. aldar höfðu mannfræðingar ýmsa hluti að segja um kyn og kynþætti en það hindraði þá samt ekki í að skoða bæði konur og blökkumenn, einnig bendir hann á að feminískar hreyfingar eru nokkurra áratuga gamlar þar sem konur og líf þeirra hafa verið skoðað náíð en samt hefur áherslan á börn ekkert breyst. Þau eru enn útilokuð ef frá er

talinn áhugi mannfræðinga á ungbörnum. Það hljómar því ekki rétt að segja að börn hafi verið útilokuð vegna mæðra sinna að hans mati (Hirschfeld, 2002:29).

Undirliggjandi hugmyndir um börn í mannfræðinni gefa til kynna að börn og þá sérstaklega ungbörn séu gjörólík og ójöfn fullorðnum í kringum sig. Hirschfeld vitnar í Judith Rich Harris sem heldur því fram að markmið barna sé ekki að vera farsæll fullorðinn einstaklingur heldur farsælt barn. Börn eru ekki vanhæfir meðlimir í samfélagi fullorðinna heldur eru þau hæfir meðlimir í eigin samfélagi, sem hefur sín viðmið og eigin menningu. Þeirra menning er lauslega byggð á menningu fullorðna, en börn aðlaga sig samt sem áður að menningu fullorðinna og það gera þau á sínum forsendum. Menning barna getur oft og tíðum innihaldið eiginleika sem ekki finnast í menningu fullorðinna (Hirschfeld, 2002:31). Mannfræðin hefur í gegnum tíðina, eins og Hardman (1973) bendir á séð börn sem óvirka meðlimi, hjálparvana áhorfendur í umhverfi sem mótar og skapar hegðun þeirra, því barnið tileinkar sér, lærir og bregst við hegðun fullorðna. Barnið hefur lítið sjálfræði og tekur lítinn þátt í að móta félagsleg gildi og félagslega hegðun að mati mannfræðinnar. Hirschfeld heldur því fram að öflun menningarlegrar þekkingar sé ósamhverft afrek, ekki vegna þess að sérfræðingurinn er sérfræðingur og nýgræðingurinn er nýgræðingur, heldur vegna þess að barnið kemur með vitsmunalega hæfni sem gerir þróunina mögulega. Í þeim skilningi er nýgræðingurinn sérfræðingur, sérfræðingur í að læra. Án uppbyggingar barnshugans væri menning ómöguleg. Hirschfeld heldur því fram að það sé ekki hægt að skilja menningu nema með þeim forsendum sem vitsmunaleg uppbygging barna byggir á og því sérhæfða þekkingargangverki sem þessi uppbygging veitir okkur (Hirschfeld, 2002:32).

### *1.2 Rannsóknir á og með börnum*

Síðastliðna tvo áratugi hefur nýtt kenningarlegt sjónarhorn sprottið upp sem einblínir með margvíslegum hætti á börn sem félagslega gerendur líkt og áður hefur verið nefnt. Þetta sjónarhorn kemur ekki endilega í stað eldri kenninga heldur vinnur það frekar samhliða þeim. Það hefur einnig haft í för með sér nýjar tegundir af rannsóknaraðferðum og víkkað sjóndeildarhringinn í aðferðafræðilegri umræðu (Christensen og Prout, 2002:477). Pia Christensen og Alan Prout (2002) nefna fjögur algeng sjónarhorn í rannsóknum bæði á og með börnum. Fyrsta sjónarhornið er að sjá barnið sem óvirkt, þetta er hefðbundið og afar vinsælt sjónarhorn í rannsóknum enn þann dag í dag. Barnið er undir áhrifum frá fullorðnum í kringum sig en er ekki viðfang í sjálfu sér. Gallinn við þetta sjónarhorn er að það horfir fram hjá því að börn eru félagslegar persónur með eigin réttindi. Það byggir á því að börn séu háð öðrum. Líf þeirra og velferð eru því skoðuð út frá sjónarhorni fullorðinna aðila í kringum þau.

Annað sjónarhorn sem Christensen og Prout fjalla um snýst um að sjá börn sem viðföng. Lykillinn í þessu sjónarhorni er að sjá barnið sem einstakling með gerendahæfni (e. agency). Þetta sjónarhorn er vinsælt í nýlegum rannsóknum þroskasálfræðinnar. En það er þó ekki alveg gallalaust en þátttaka barna í slíkum rannsóknum er ávallt háð vitsmunalegri og félagslegri hæfni þeirra. Þriðja sjónarhornið er tiltölulega nýlegt, það segir að börn séu félagslegir gerendur með eigin reynslu og skilning á heiminum. Börn eru álitin geta tekið þátt, breytt og breyst út frá þeim félagslega og menningarlega heimi sem þau lifa í. Fjórða og síðasta sjónarhornið gengur út frá því að börn séu virkir þátttakendur í öllu rannsóknarferlinu en þetta sjónarhorn nýtur meðal annars stuðnings frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það ýtir undir að börn eigi að taka þátt, vera upplýst og að hlusta eigi á það sem þau hafa að segja. Í kjölfar þessa sjónarhorns hafa sprottið upp hugmyndir um að börnin eigi að taka þátt sem meðrannsakendur. Af þessu er óhætt að segja að sjónarhornið spilar stóran þátt í rannsóknaraðferðinni sem verður fyrir valinu (Christensen og Prout, 2002:480-481).

Til að koma í veg fyrir að lenda í siðferðilegri klemmu og sjá til þess að reynsla og upplifun barna sé túlkuð rétt verður rannsakandinn að lýsa sjónarhornum þeirra og hversdagslífi nákvæmlega. Þetta krefst rannsóknaraðferðar sem dregur upp ólíkar myndir af lífi og félagslegri reynslu barna með því að skoða líkindi sem og fjölbreytileika á meðal barna að mati Christensen og Prout (2002:484). Þegar rannsaka á börn verður einnig að taka mið af því að þau eru tiltölulega valdalítill hópur í samfélaginu og því afar vandmeðfarinn. Valdastaða fullorðinna og valdastaða barna er gjörólík og rannsakandi verður að hafa það í huga þegar börn eru rannsökuð, sérstaklega hvað varðar aðferðafræði og siðferði. Siðferðilegar spurningar snúa til dæmis að upplýstu samþykki en samkvæmt lögum mega börn ein ekki veita samþykkið, það verður að koma fyrst og fremst frá forráðamönnum en hægt er að ganga úr skugga um að börnin séu samþykk líka, það getur líka hjálpað til við að vinna inn traust þeirra. Rannsakandi verður einnig að hafa í huga að notfæra sér ekki þetta traust eða valdaleysi barnsins (James, Jenks og Prout, 1998).

Ýmsar aðferðir sem henta fullorðnum kunna að henta börnum illa eins og til dæmis formleg viðtöl, því hafa margir mannfræðingar leitast við að beita óhefðbundnum aðferðum í rannsóknum sínum á börnum líkt og aðferðin sem Anna Lærke (1998) beitti í rannsókn sem hún framkvæmdi á árunum 1994-96 í þorpinu Little Midby á Englandi. Þar var hún í 13 mánuði að framkvæma vettvangsrannsókn og vann mest megnis með börnum á aldrinum 5-6 ára. Þar sem þessi börn eyddu mest öllum deginum í skóla þurfti hún að gera það líka. Markmið hennar er að staðsetja börnin aftur inn í samfélagið eins og hún orðar það, með því að einblína á ferlið þar sem bæði fullorðnir og börn staðsetja og staðfesta hvort annað og sig

sjálf (Lærke, 1998:3). Hún segir frá því hvernig hún staðsetur sig á meðal barnanna og verður ein af þeim á meðan vettvangsvinnunni stendur, hún byrjar sjálf að muna ýmislegt úr barnæsku sinni, þannig notar hún eigin sögu sem rannsóknartól og segir það alls ekki vera nýtt fyrirbæri að etnógráfía sé sköpuð bæði í gegnum og með rannsakandanum og sögu hans. Hún gerðist barn í þeim skilningi að hún klæddi sig og hegðaði sér eins og barn. Í eitt skiptið var hún skömmuð fyrir að vera með of mikil læti þegar hún var að leik og það var þá sem hún skynjaði tilfinningar og upplifun barna afar sterkt, það var þessi reynsla og skynjun sem að hennar mati gerði henni kleift að eiga í samskiptum við fólkið sem hana langaði til að kynnast, börnin (Lærke, 1998:5). Rannsókn Lærke er dæmi um hvernig hægt er að stunda rannsóknir á og með börnum á sama tíma. Mikið rými er til að bæta við dýpt, kunnáttu og jafnvel tækni etnógrafískra rannsókna á börnum segir LeVine (2007). Margaret Mead studdi þá hugmynd að nota sjónræn gögn til þess að dýpka etnógrafískan skilning á mannfræði (LeVine, 2007:255-256).

Hér hafa kenningar um börn og barnæskuna verið reifaðar. Þar ber hæst að nefna samfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað síðastliðna áratugi í kenningum og rannsóknum á börnum og barnæskunni. Þær hafa leitt til þess að staða barna hefur styrkst, nú eru þau ekki einungis álitin óvirk fórnarlömb heldur gerendur sem taka virkan þátt í að móta menningu og samfélagið. Mannfræðin hefur í gegnum tíðina ekki einblínt mikið á börn en það er að breytast í takt við áður nefndar samfélagsbreytingar. Þetta kemur best fram í mismunandi rannsóknaraðferðum sem mannfræðingar hafa verið að þróa bæði á og með börnum. Í næsta kafla verður vikið að barnahermönnum, fjallað verður um þá með gerendahæfni og fórnarlambshlutverk í huga.

## **2. kafli: Börn í stríði**

Sú hugmynd sem vestræn menning hefur um barnæskuna er sveipuð sakleysi og hamingju. Barnæskan er tími þar sem börnin eiga að leika, læra og eignast vini. Þessar hugmyndir stangast á við reynslu barna sem taka þátt í stríði, þar sem börn þurfa að upplifa og jafnvel framkvæma ýmis grimmdarverk, þar læra þau að drepa. Þeim er neitað um réttinn til að lifa og réttinn til að vera frjáls. Auðveldara er að fá börn til liðs við sig heldur en fullorðna og þrátt fyrir að uppreisnarhópar leiti ekki markvisst að börnum í hlutverk hermanna þá er sannleikurinn sá að það vantar alltaf hermenn og börnin eru auðveldari bráð. Að auki þá eru vopn nú til dags léttari og minni heldur en áður fyrr sem gerir það auðveldara fyrir börn að bera þau. Efling barna í stríði er mun algengari heldur en haldið hefur verið fram og

barnahermönnum er oft gleymt eða litið er fram hjá þeim. Það er auðvelt að notast við börn í stríði vegna þess að þau eru hlýðnari og efast ekki um skipanir, þau gera það sem þeim er sagt og þannig er hægt að stjórna þeim betur heldur en fullorðnum (Brett og McCallin, 1996:9).

Síðastliðinn áratug eða svo hefur þátttaka barna í pólitískum átökum vakið heimsathygli líkt og áður hefur verið minnst á. Myndir af börnum, stelpum og strákuðum með vopn í hendi og grimmdarsvip birtast í fjölmiðlum. Þátttaka barna er ekki nýtt fyrirbæri eða eitthvað sem einkennir nútímann, en komið verður betur inn á það seinna. Ef við lítum á söguna sjáum við að ungt fólk hefur tekið virkan þátt í ýmsum pólitískum átökum alls staðar í heiminum. Hins vegar er það stærðargráða vandamálsins sem hefur náð nýjum víddum. Þessum ungu bardagamönnum og -stúlkum er gjarnan breytt í miskunnarlausu morðingja þar sem þau fremja hrikaleg ódæðisverk. Í þessum skilningi þarf að endurskilgreina og endurhugsa hugtök eins og barnæsku, réttindi barna og gerendahæfni barna (Honwana, 2005:32). Börn spila ýmis hlutverk í átökum, allt frá því að bera skotfæri og elda mat yfir í að vera í fremstu víglínum á meðan átökin standa yfir. Einnig geta þau tekið að sér hlutverk aftökumanns eða tálbeitu sem sér um að afvegaleiða óvini (HRW, 1994:3).

Myriam Denov (2010) fjallar um algengar ranghugmyndir sem haldið er á lofti af fjölmiðlum um barnahermenn og þá sérstaklega síðastliðinn áratug sökum allrar athyglinnar sem barnahermenn hafa fengið. Vestrænir fjölmiðlar og jafnvel Hollywood kvikmyndir hafa fjallað um málefni barnahermanna. En framsetningin á þeim á það til að vera ofureinfölduð eða ýkt eins og Denov bendir á. Fjölmiðlar hafa verið sakaðir um að sýna, móta og endurspegla einungis ákveðna heimssýn. Barnahermenn eru ýmist settir fram sem hættulegir, fórnarlömb eða hetjur. Með því að sýna barnahermenn sem hættulega og ómannlega í alþjóðlegum fjölmiðlum eru börnin fjarlægð frá vestrænum hugmyndum um barnæskuna sem endurspegla sakleysi, viðkvæmni og hreinleika. Slíkar ályktanir ýta einnig undir hugmyndir um að til sé eitthvað sem kallast ný stríð sem einkennast af ómannúðlegum og dýrslegum hvötum sem eiga ekkert skylt við siðmenningu, börnin eru gerð ómennsk. Þveröfug umfjöllun er þegar barnahermenn eru sýndir sem fórnarlömb, þar eru þau lítil það í svikum og valdamiklum félagslegum öflum, þau eru skemmd vara, eyðilögð að eilífu. Slíkar ályktanir eru dregnar af rómantískum hugmyndum um barnæskuna og tengsl þeirra við sakleysi og viðkvæmni. Börn eru hjálparlaus fórnarlömb og ekki hæf til þess að taka vitsmunalegar ákvarðanir. Þessar ályktanir draga algjörlega úr gerendahæfni barna. Hetjuleg framsetning er þriðja og síðasta tegundin af fjölmiðlaumfjöllun um barnahermenn sem Denov tekur fyrir. Ungmennin eru sýnd sem hugrakkir eftirlifendur alvarlegs ofbeldis sem hafa yfirstigið gríðarlegt mótlæti og hafa þrátt fyrir þátttöku sína í vopnuðum átökum fengið uppreisn æru



sinnar. Sem dæmi um slíka umfjöllun má nefna myndina sem dregin var upp af æviágripi Ishmael Beah, fyrrum barnahermanni sem starfaði í Sierra Leone. Sumir fjölmiðlar nefndu að þetta væri hetjuleg umbreyting frá ofbeldi til frelsunar. Allar þessar framsetningar eiga það sameiginlegt að þær gera barnahermenn að framandi fyrirbærum sem fjarlægja þá frá raunveruleikanum. Slíkt getur haft þær afleiðingar í för með sér að erfiðar verður að takast á við þau vandamál sem fylgja barnahermönnum og erfiðara verður að uppræta barnahermennsku (Denov, 2010:2-5).

### *2.1 Hvað eru barnahermenn?*

Barnahermaður er almennt skilgreindur bæði samkvæmt alþjóðlegum lögum og almennri orðræðu sem einstaklingur undir 18 ára aldri sem tekur þátt í lífshættulegum átökum beint eða sem þátttakandi í hóp eða vopnuðu liði. En þátttaka barna í vopnuðum átökum er staðreynd sem ekki er hægt að loka augunum fyrir. Líkt og hefur verið nefnt áður þá er barnæska ekki fast ástand sem miðast við árafjölda. Það sem ákveður getu einstaklinga er ekki aldur heldur er það mótað af félagslegu, pólitísku og hagfræðilegu samhengi auk erfðafræðilegra eiginleika. Þrátt fyrir þetta hefur aldurinn samt orðið að alþjóðlegu formi sem notaður er til að aðgreina barnæsku frá fullorðinsárum (Singer, 2005:7). Barnahermenn koma yfirleitt frá fátækum eða illa settum fjölskyldum, börnin eiga í flestum tilfellum heima á átakasvæðunum og í sumum tilfellum eiga þau ekki neina fjölskyldu og enda sem götubörn. Fjölskyldur sem eru ágætlega vel stæðar senda börnin sín oft utan eða eitthvert í burtu til þess að læra þannig að ólíklegra sé að börnin sæki í uppreisnarhópa (Brett og McCallin, 1996:103).

Meirihluti barnahermanna starfar í Afríkukríkjum en börn eru einnig notuð sem hermenn í ýmsum Asíulöndum, Suður-Ameríku, Evrópu og Miðausturlöndum. Algengt er að barnahermenn séu á aldrinum 14-18 ára (CUCS, e.d.). Þrátt fyrir að ekki séu til nákvæmar tölur yfir hversu mörg börn eru þátttakendur í vopnuðum átökum hefur verið algengt að notast við gróflega tölu sem áætlað er að um 300.000 barnahermenn séu að taka þátt í vopnuðum átökum (Brett og Specht, 2004:xiii). Sum börn eru allt niður í 8 ára gömul þegar þau gerast hermenn. Frá árinu 2001 hefur verið tilkynnt um þátttöku barnahermanna í tugum átaka víðs vegar um heiminn og sú tala fer hækkandi. Bæði stelpur og strákar eru notaðir sem barnahermenn og í Nepal, Sri Lanka og Úganda hefur þriðjungur eða fleiri barnahermenn reynst vera stelpur (HRW, 2008).

Erfitt getur verið að gera grein fyrir því hversu mörg börn eru í hernaði líkt og áður var minnst á, þau eru oft kölluð ósýnilegu hermennirnir vegna þess að þeir sem hafa þau í vinnu neita tilvist þeirra og engar skrár eru til yfir aldur þeirra eða fjölda. Mörg börn eru ekki

formlega í neinum hópum eða her heldur eru þau notuð til að þjóna eða eru áhangendur. Ýmsar ástæður liggja að baki þess að margir barnahermenn eru ósýnilegir. Þeir halda sig oft og tíðum á afskekktum svæðum fjarri forvitnum augum fjölmiðla, einnig vegna þess að þeir hverfa, slasast eða láta lífið og þegar bardaganum lýkur eru þau ekki áberandi í afvopnunarferlinu. Enn önnur ástæðan er sú að þeir eldast og barnahermaðurinn verður fastur inn í fullorðnum hermanni. Barnahermaðurinn verður það sem sumir myndu kalla fullorðin drápsvél þar sem hann hefur ekki fengið neina sálfræðilega hjálp eftir átökin (Brett og McCallin, 1996:23-24).

## 2.2 Ný og gömul umræða

Umdeilt hefur verið hvort að þátttaka barna í stríði sé ný af nálinni eða ekki. Margir telja að þátttaka barna í stríði sé einmitt eitt af því sem aðskilur ný og gömul stríð. Brett og McCallin (1996) telja að barnahermenn séu alls ekki nýtt fyrirbæri. Á miðöldum varð strákur sem vildi verða riddari að þjóna sem riddarasveinn með því að þrifa brynju yfirboðara síns og standa vörð á meðan hann svaf. Á 18. og 19. öld treystu menn á það sem þeir kölluðu púðurapa, en það voru börn allt niður í 8 ára, til þess að hlaða fallbyssur í sjóorrustum. Börn hafa einnig verið notuð sem njósnarar, varðmenn og erindrekar í gegnum aldirnar. Enn þann dag í dag er smæð þeirra og lipurð séð sem mikilsmetinn kostur í njósnastarfsemi og samskiptum. Það er hins vegar einn munur á þátttöku barna í stríðsreksti á miðöldum og nú á dögum. Á miðöldum gat barn ekki tekið þátt í stríði fyrr en það hafði náð líkamlegum þroska sökum þess að vopnin voru einfaldlega of þung fyrir það. Nú á dögum er þetta ekki vandamál og eru vopn hönnuð þannig að barn geti auðveldlega meðhöndlað þau (Brett og McCallin, 1996:24).

Patrick A. Mello (2010) fjallar um ýmis einkenni nýrra stríða og þar segir hann að ýmsir fræðimenn haldi því fram að ný stríð einkennist af því að ríkið sé ekki það eina sem sé að beita valdi. Stríðsyfirlýsingu skorti, lítill greinarmunur er gerður á almennum borgurum og bardagamönnum og víglínan er sjaldnast greinileg í nýjum stríðum. Tengt þessu er notkun barnahermanna í nútíma stríðum. Mello staðfestir það sem áður hefur komið fram um fjölda barnahermanna, en grófar áætlanir gefa til kynna að 300.000 strákar og stelpur undir 18 ára aldri eru notuð sem barnahermenn. Börn eru talin vera mikilvægir þátttakendur í nýjum stríðum vegna þess að þau eru hagkvæm, kosta lítið, auðveldara er að fá þau til liðs við sig og auðveldara að halda þeim til haga. Margir gagnrýna hins vegar þessa skiptingu á nýjum og gömlum stríðum, þeir halda því fram að hún skapi aðgreiningu og mismun sem ekki sé til staðar (Mello, 2010:299-305).

Mary Kaldor (2005) heldur því fram að gömul stríð eigi við um stríðin sem háð voru í Evrópu frá 18. öld og fram á miðja 20. öld. Gömul stríð voru háð á milli ríkja og af mönnum í búningum á víglínum. Stríð bjó til ríki og ríki háðu stríð eins og Charles Tilly orðaði það. Ríkin einokuðu stríðsrekstur og stunduðu skipulagt ofbeldi með einkaherjum. Gömlu stríðin fylgdu einnig ákveðnum reglum, að minnsta kosti í grunninn, reglur sem vernduðu hinn almenna borgara og stríðsfanga. Reglur voru mikilvægar til þess að koma á lögmæti stríða. Það var fín lína á milli hetja og glæpamanna, löglegra drápa og morða. Enn frekar heldur Kaldor því fram að ný stríð séu eitthvað allt annað. Það eru stríð sem eiga sér stað þegar ríki og þjóðir sundrast, stríð sem háð eru af almennum borgurum jafnt sem opinberum aðilum og oft án einkennisbúninga. Stundum hefur hópurinn tákn eins og Ray-Ban sólgleraugu líkt og króatíski uppreisnarherinn í Bosníu-Herzegóvinu. Bardagar eru fáir og mesta ofbeldið lendir á óbreyttum borgurum, fjármögnunin felst í því að rupla og ræna og skilin á milli bardagamanna og óbreyttra borgara eru óljós. Þrátt fyrir þetta heldur Kaldor því samt einnig fram að þessi stríð séu ekki alveg ný af nálinni, hún telur þau eiga ýmislegt sameiginlegt með stríðum sem háð voru á forsögulegum tímum í Evrópu og ríkjum utan hennar á sama tíma. Hún segir einnig að nota megi ýmislegt sem einkenndi gömul stríð til þess að hjálpa okkur að skilja ný stríð og koma í veg fyrir þau (Kaldor, 2005:492-493).

Stathis N. Kalyvas (2001) fjallar einnig um ný og gömul stríð og segir að sumir haldi því fram að borgarastríð skorti tilgang. En það er einmitt það sem er svo hræðilegt við ný stríð réttlæting virðist ekki þurfa að vera til staðar og að þau þurfa ekki að hafa neinn sérstakan tilgang. Ofbeldið á ekkert skylt við neina hugmyndafræði lengur og bardagamenn eru ófærir um að hugsa og framkvæma á forsendum fortíðar og framtíðar (Kalyvas, 2001:103). Slík rök eru hins vegar oft byggð á ófullkomnum sönnunargögnum, sem eru upprunin frá skýrslum fjölmiðla sem eiga það til að vísa algjörlega ógagnrýnið í borgarbúa og meðlimi ríkisstofnana (Kalyvas, 2001:103). Borgarastríð eru óneitanlega ólík hvort öðru að mörgu leyti en fyrirbyggjandi sönnunargögn benda til þess að sá munur sé töluvert minni heldur en áður hefur verið haldið fram. Tímabili gamalla stríða lýkur heldur ekki endilega með Kalda stríðinu, það er ekki alveg jafn klippt og skorið og margir vilja vera láta telur Kalyvas. Hann líkt og Mello gagnrýnir aðgreininguna á gömlum og nýjum stríðum (Kalyvas, 2001:117).

David M. Rosen (2007) heldur því fram að vandinn í kringum barnahermenn, sem er skilgreindur sem vandi mannúðar-og mannréttindasamtaka, sé komin til vegna nýtilkominnar þverþjóðlegrar aldurspólítíkur, en ekki vegna þess að barnahermenn séu svo nýtt fyrirbæri. Aldurspólítíkin skapar hugtakið barnæska í alþjóðlegum lögum segir Rosen. Með aldurspólítíkinni á Rosen við notkunina á aldursflokkum sem mismunandi alþjóðlegir hópar

nota í pólitískri og hugmyndafræðilegri baráttu. Aldurspólitíkin færir alþjóðlegar mannréttindastofnanir inn í flókna deilu um notkun barnahermanna, hugmyndafræðilega og pólitíska hagræðingu á hugtakinu barnæska og skilgreiningunni á því hverjir teljast til barnahermanna (Rosen, 2007:297). Þetta er það sem Nancy Sheper-Hughes og Carolyn Sergeant (1998) kölluðu menningarlega pólitík barnæsku. Mannúðarsamtök og alþjóðlegar mannréttindastofnanir berjast fyrir því að börn þurfi ekki að bera vopn og sækja eigi til saka fullorðna einstaklinga sem fá börn til liðs við sig.

Deilan í kringum barnahermenn er nútíma vandamál sem að mati Rosen hefur lítið sem ekkert að gera með það hvort það eru fleiri eða færri börn þátttakendur í stríði núna heldur en áður fyrr. Það er erfitt að greina mannúðarmálin frá pólitísku málunum vegna þess að mannúðarsamtök eru sífellt að skilgreina sig sem pólitíska gerendur og pólitískir hópar nota skrúðmælgis sem tengist mannúðarmálum til þess að þjóna eigin hagsmunum. Tungumál mannúðar- og mannréttindasamtaka hefur breyst í pólitíska orðræðu. Deilan sem fylgir barnahermönnum stafar af flóknum innri tengslum á milli mannúðarsamtaka og pólitískra hópa (Rosen, 2007:304). Barnahermenn er ekki nýtt fyrirbæri eins og sumir vilja meina, þeir eru heldur ekki fyrirbæri sem hefur nýlega sprottið upp vegna eðlis nútíma stríðsreksturs. Engu að síður breytir það ekki því að það eru þúsundir barna þátttakendur í vopnuðum átökum að fremja hræðilega glæpi. Hvernig eigum við að líta á þau? Sem saklaus fórnarlömb pólitískra aðstæðna sem eigi að vernda og fyrirgefa eða sem siðferðilega ábyrga gerendur sem eigi að sækja til saka? Mannréttindalög krefjast alþjóðlegra lausna við þessu vandamáli. Skilgreining mannúðarsamtaka á barnæsku og túlkun hennar í alþjóðlegum lögum er falin í þverþjóðlegri pólitík og er afar takmörkuð að mati Rosen. Hann segir enn frekar að það þurfi flóknari og fjölbreyttari skilning sem fæst með etnógrafískri rannsókn og mannfræðilegu innsæi, þannig er hægt að bjóða upp á viðeigandi og áhrifaríka lausn í mismunandi aðstæðum. Lögsókn fyrir stríðsglæpi mun alltaf vera táknræn leið til þess að laga þær skemmdir sem stríð skilur eftir sig. Það breytir því samt ekki að fjölbreyttari sjónarhorn á þeim fjölbreytileika sem einkennir stríð og skilgreininguna á barnæsku sem fer eftir samhengi ætti að dýpka möguleika okkar á því að skapa áhrifaríkari leið sem mun vernda viðkvæmustu meðlimi samfélagsins. Á sama tíma getur þessi leið gefið fórnarlömbum stríðsins þá uppreisn æru sem þau eiga skilið, sama í hvaða menningarlega samhengi hún birtist (Rosen, 2007:304). Barnahermenn eru staddir á gráu svæði, svæði sem ekki er hægt að gera almennilega grein fyrir nema að skilja öll þau flóknu mál sem umlykja þá. Málefni barnahermanna eru oft bundin í flóknar skilgreiningar og margbreytilega lagaramma sem henta alls ekki alltaf og erfitt getur verið að fylgja þeim til hins ítrasta. Það sem flækir stöðu barnahermanna enn frekar er fjöldi aðila sem

að málum þeirra koma, heimamenn, uppreisnarleiðtogar, fjölskylda, alþjóðastofnanir og svona mætti lengi telja. Staða barnahermanna er langt frá því að vera klippt og skorin.

### 2.3 Stúlkur í átökum

Oft þegar talað er um þátttöku barna í stríðsátökum þarf að lesa á milli línanna til þess að vita hvort um er að ræða stráka eða stúlkur. Þátttaka stúlkna í vopnuðum átökum hefur verið að aukast og umfjöllun um hana einnig. Þó að stúlkur gegni oft sömu hlutverkum og strákar í átökum hafa þær þó nokkur hlutverk til viðbótar eins og hlutverk eiginkonunnar, kokksins, hjúkrunakonunnar, kynlífsþrælsins og sum staðar eru þær jafnvel fengnar til þess að sprengja sig í loft upp á fjölmönnum svæðum (Brett og McCallin, 1996:38). Opinberar stofnanir, ríkisstjórnir og alþjóðasamtök reyna að hylja yfir eða horfa fram hjá þátttöku, þörfum og réttindum kvenna á meðan vopnuð átök eiga sér stað og eftir þau. Stúlkur eru notaðar sem hermenn í vopnuðum átökum í töluvert fleiri tilfellum en tilkynnt er og því mætti segja að þær séu tiltölulega ósýnilegar í átökunum sjálfum. Á árunum 1990 til 2003 voru stúlkur þátttakendur í bardagahópum í 55 löndum og tóku beinan þátt í átökum í 38 löndum víðsvegar um heiminn. Stúlkur eru mest áberandi í vopnuðum andspyrnuhreyfingum og herjum en þær eru líka í liðsafla ríkisstjórna. Hlutfall þeirra í ýmsum liðsöflum er ekki alveg á hreinu en þær eru taldar vera á bilinu 10-30% bardagamanna og í nýlegum átökum í Afríku hafa þær verið allt að 40% allra barnahermanna í vopnuðum átökum (Denov, 2008:814).

Mannfræðingurinn Chris Coulter dvaldi í Sierra Leone bæði á meðan að borgarastríðið stóð yfir og eftir að því lauk. Hún var að skoða reynslu stúlkna og kvenna af því að taka þátt í vopnuðum átökum. Hún segir að margar stelpur, sem rænt var af uppreisnarhópum, lenda ekki endilega í því að berjast en líkt og nefnt var hér áðan þá eru hlutverk þeirra margvísleg og bardagahlutverkið er bara eitt af mörgum. Í mörgum tilfellum er þeim þó samt kennt að berjast til þess að þær geti verið tilbúnar ef óvinur kemur og ræðst á þær. Stúlkur sem hafa barist í átökum fá oft allt annað viðmót heldur en strákar. Það er álitid ókvenlegt að berjast og alls ekki talið vera í eðli kvenna, þess vegna er fólk oft hræddara við stúlkur heldur en stráka. Þær eru þekktar fyrir að vera grimmar og á stöðum þar sem kvenkyns bardagamenn eru algengir eins og í Sierra Leone, Líberíu, Sri Lanka og Perú eru þær kallaðar skrímsli og sagðar hafa villimannslegt eðli. Þetta getur stafað af því að átök eru ekki partur af því sem samþykkt er sem kvenleg hegðun. Átök eru mun stærra þáttur af daglegu lífi stráka heldur en stúlkna (Coulter, 2009: 135-137). Coulter segir enn frekar að í sumum samfélögum sé ofbeldi af hálfu kvenna talið óeðlilegt og að það geri þær ókvenlegar og afbrigðilegar. Þrátt fyrir að sífellt fleiri stúlkur taki þátt í vopnuðum átökum er hermaðurinn alltaf ímynd

karlmennskunnar. Þetta gerir það að verkum að mörgum stúlkum finnst þær þurfa að sanna sig og verða betri heldur en strákarnir sem gerir þær að grimmar bardagamönnum. Því má einnig bæta við að sökum þess að átök eru talin ókvenleg og almennt álit er að óeðlilegt sé fyrir stúlkur að taka þátt í þeim, þá eru gjörðir stúlkna í stríðum aldrei útlistaðar sem hetjudáð eða þær lofaðar (Coulter, 2009:138-140).

Í bókinni sinni *Young Soldiers: Why They Choose to Fight* ræða Rachel Brett og Irma Specht (2004) við stúlkur sem hafa tekið þátt í vopnuðum átökum á stríðshráðum svæðum. Þær lýsa því hvernig margar þeirra bjóðast til þess að gerast hermenn, þeim er ekki alltaf rænt. Þetta gerist meira að segja á svæðum eins og Sierra Leone og Sri Lanka þar sem algengt er að stelpum sé rænt og þær neyddar til þess að ganga til liðs við uppreisnarhópa. Sumar stúlkur töldu það vera sér í hag að ganga sjálfviljugar til liðs við uppreisnarhópana. Aðrar stúlkur sem Brett og Specht töluðu við sögðu ofbeldi heima fyrir vera næga ástæðu til þess að ganga til liðs við uppreisnarhópa, þeim fannst það skárri kostur heldur en að verða fyrir ofbeldi og að þurfa þola þrældóm heima við. Enn aðrar nefndu það svo að þeim þætti ergilegt að hafa ekkert að segja um sína eigin framtíð og örlög. Einnig vildu sumar stúlkur sanna að þær væru jafnar strákunum og enn aðrar gengu sjálfviljugar til liðs við uppreisnarhópa til þess að tryggja sér og sínum öryggi (Brett og Specht, 2004:85-96). Hver svo sem ástæða þeirra kann að vera ber að hafa í huga að stelpur eru ekkert síður hættulegri en strákar sem bardagamenn. Christine er ein af stelpunum sem Brett og Specht töluðu við og hún hafði þetta að segja:

Við vorum hættulegar! ... Ég var með Vanessu á fremstu víglínu og fólki var hollast að gera eins og við sögðum og vera ekki að pirra okkur ... annars myndum við bara drepa þig! Þegar þú ert stelpa verðurðu að vera harðari, annars munu mennirnir ekki virða þig (Brett og Specht, 2004:85).

Mats Utas (2005) fjallar um þá fórnarlambstöðu sem konur og stúlkur í stríðum hafa fengið. Hún vill meina að þar sé ekki allt sem sýnist og heldur því fram að konur og stúlkur séu oft gerendur í stríðum. Sér til stuðnings nefnir hún ofurstann Black Diamond og uppreisnarstúlkurnar hennar. Stúlkur í stríðum eru yfirleitt settar fram sem fórnarlömb, en Black Diamond og kynsystur hennar voru klárlega gerendur, morðingjar sem voru alveg jafn hættulegar og karlkyns hliðstæður þeirra. Þær klæddust tískufötum og litu út fyrir að vera algjör andstæða kvenkyns bardagamanna. Þrátt fyrir það eru bardagastúlkur þekktar fyrir að vera grimmar og miskunnarlausar og ungir menn í borgarastríðum hafa oft lýst því þannig að þeir fyllist ótta þegar þeir þurfa að berjast við hlið stúlkna vegna þess að þær eru skapbráðari heldur en strákarnir. Margar ungar stúlkur sem barist hafa í borgarastríðum ná að vinna sig

upp og verða ofurstar eða liðsforingjar líkt og Black Diamond sem nefnd var hér áðan (Utas, 2005:404-405). Taka verður til greina að þó að mörgum stúlkum og konum sé í raun rænt og þær neyddar til að ganga til liðs við uppreisnarhópa, þá er það ekki alltaf þannig. Sumar stúlkur kjósa að ganga til liðs við uppreisnarhópa. Oft gerast þær eiginkonur eða kærustur til þess að vernda sig og fjölskyldu sína. Aðrar ástæður eins og að komast yfir ránsfenginn geta verið nóg hvatning fyrir sumar stúlkur og konur til þess að sameinast með mönnunum í bardaganum sjálfum (Utas, 2005:409). Þó að þær séu oft fórnarlömb er ekki hægt að halda því fram að þær hafi enga gerendahæfni (e. agency).

#### *2.4 Gerendur eða þolendur?*

Fyrri rannsóknir um barnæskuna segja okkur að börnin séu óvirkir þiggjendur í samfélögum með litla gerendahæfni. Þetta viðhorf var ríkjandi fram á 7. áratuginn. Eitt af því sem hefur lagt grunninn að þeim kenningum sem skilja börn sem félagslega gerendur eru lýsingar á hversdagslegum samskiptum barna. Þessar lýsingar er meðal annars að finna í etnógrafíum mannfræðinga, þar er börnunum lýst sem áhrifavöldum í lífi annarra barna og fullorðna í kringum sig. En þó að komið sé fram við börn sem gerendur í eigin lífi þýðir það ekki að hugsa eigi um þau sem algjörlega frjálsa gerendur, sjálfstæð og óháð frá samhengi og kringumstæðum í lífi sínu (Poluha, 2004:14-15). Á sama tíma og það hefur orðið mikil vakning um börn í hættu er fólk einnig að verða meðvitaðra um börn sem setja sig sjálf í hættu. Börn eru bæði táknrænar verur sem og félagsmótaðir einstaklingar (Stephens, 1995:13). Sú hugmynd að börn geti framið þau ódæðisverk sem þau gera í stríðum brýtur í bága við okkar fastmótuðu hugmyndir um barnæskuna. Bara orðið barnahermaður er þversögn í okkar huga. Barn er eitthvað sem þarf að vernda og hermaður verndar. Þar af leiðandi staðsetur orðið barnahermaður börnin á milli tveggja heima þar sem þau eru enn börn en þau eru ekki saklaus, þau gera fullorðinslega hluti en eru ekki fullorðin. Byssueign og leyfi til að drepa staðsetur þau fyrir utan barnæskuna. En gefur þeim heldur ekki leyfi til þess að verða fullorðin vegna aldurs og líkamlegs vanþroska. Þetta millibilsástand þýðir samt ekki að þau séu ekki gerendur í eigin lífi segir Honwana. Heldur þvert á móti hafa þau gerendahæfni en það er bara af öðrum toga. Þau sýna úrræðagóða gerendahæfni (e. tactical agency) sem kemur í kjölfar þess að reyna að lifa af og lifa í þessum hernaðarlegu aðstæðum sem þau eru í. Börnin hafa ekkert vald og þau eru kannski ekki fullkomlega meðvituð um markmið gjörða sinna en þrátt fyrir það eru þau samt meðvituð um það sem þau fá endurgoldið strax og þau taka öll þau tækifæri sem þeim bjóðast (Honwana, 2005:32).

Í rannsókn Human Rights Watch (1994) á fyrrum barnahermönnum frá Líberíu komu fram tvær ólíkar reynslusögur. Annars vegar voru það frásagnir af reynslu barna sem hafði verið rænt eða þau neydd til að ganga til liðs við uppreisnarhópa, en það var gert til dæmis með því að hóta að drepa fjölskylduna eða börnin sjálf ef þau gengu ekki til liðs við þá. Hins vegar voru það svo börnin sem gengu sjálfviljug til liðs við uppreisnarhópana vegna þess að þau álitu það vera sér í hag. Þegar börnin voru beðin um að útskýra á hvaða grundvelli þau gengu sjálfviljug til liðs við uppreisnarhópa tóku þau fram ástæður eins og þær að hefna fyrir morð á foreldrum, bræðrum eða systur, vernda fjölskyldur sínar eða til þess að afla matar fyrir sig og sína. Í sumum tilfellum höfðu allir ættingjar barnanna verið drepnir og því sáu börnin enga aðra kosti þar sem þau höfðu hvort eð er engu að tapa og með uppreisnarhópunum gátu þau varið sig og haft í sig og á. Í mörgum tilfellum var börnunum lofað hluta af ágóðanum úr ránsferðum, þannig að það var ekki bara matur og húsaskjól sem þau voru að sækjast eftir. Þetta hvatti börnin til þess að misþyrma óbreyttum borgurum til þess komast yfir eigur þeirra (HRW, 1994:25-28).

Ekki eru allir sammála um gerendahæfni barnahermanna. Það svigrúm sem þeir hafa til þess að vera frjálsir eða taka frjálsar ákvarðanir er af mörgum talið vera af skornum skammti. Þessu eru Guy Goodwin-Gill og Ilene Cohn (1994) sammála. Þau velta fyrir sér gerendahæfni barnahermanna í bók sinni *Child Soldiers: The Role of Children in Armed Conflicts*. Þau söfnuðu gögnum sem byggð voru á reynsluathugunum frá átakasvæðum um allan heim. Í bók sinni halda þau því fram að geta barna til þess að ákveða hvað er best fyrir þeirra eigin hagsmuni varpi efasemdum á þau rök sem styðja að börn séu hæf til þess að nýta sér rétt sinn á því að ganga í það félag og þá hópa sem þau vilja. Þau vilja meina að börnin séu oftast en ekki undir áhrifum frá samfélaginu og jafningjahópum og hafa því lítið sem ekkert svigrúm til þess að taka sjálfstæðar og óháðar ákvarðanir (Goodwin-Gill og Cohn, 1994:36).

Chris Coulter (2009) telur það ekki endilega gagnast hvorki konum né börnum að vera settar í stöðu fórnarlamb. Hún dvaldi í Sierra Leone bæði á meðan og eftir að borgarastríðið átti sér stað og tók viðtöl við stúlkurnar sem tekið höfðu þátt í stríðinu með uppreisnarhópum. Hún er sannfærð um að stúlkurnar séu fórnarlömb en með því að líta á þær eingöngu sem fórnarlömb þá gleymast óhjákvæmilega öll önnur hlutverk sem þessar stúlkur gegndu á meðan átökin stóðu yfir. Fórnarlambshlutverkið er líka iðulega kennt við konur og börn, ekki karlmenn segir Coulter. Vandamálið stigmagnast svo þegar að samasemmerki er sett á milli þess að vera fórnarlamb og að hafa enga gerendahæfni. Hún segir að í viðtölum sínum við þessar stúlkur hafi oft komið hræðilegar lýsingar á því ofbeldi sem þær þurftu að þola. Coulter heldur því fram að þær séu algjörlega fórnarlömb í öllum skilgreiningum þessa orðs, en það



þýðir samt ekki að þær hafi ekki ruplað, rænt, drepið og limlest óbreytta borgara. En eins og Coulter bendir á þá hættir maður ekki að vera fórnarlamb bara með því að fremja ofbeldisverknað, það er ekki auðvelt að draga línu á milli fórnarlamba og geranda (2009:150). Líkt og Coulter telur Honwana (2005) að það sé engin ein auðveld niðurstaða í þessu máli. Á að líta á barnahermenn sem óvirk fórnarlömb eða eru þeir virkir gerendur sem hægt er að draga til ábyrgðar fyrir gjörðir sínar? Honwana vill meina að þeir séu sannarlega fórnarlömb en líkt og Coulter þá heldur hún því fram að þeir séu miklu meira heldur en bara fórnarlömb. Það ferli sem þau ganga í gegnum til þess að verða barnahermenn breytir þeim í eitthvað annað og meira heldur en eingöngu fórnarlömb. Þó að það sé ekki hægt að líta svo á að þau séu fullkomlega ábyrg fyrir gjörðum sínum þá skortir þau þrátt fyrir það ekki alla gerendahæfni (Honwana, 2005:48). Anthony Giddens (1984) lýtur á mannlega gerendahæfni sem hæfileikann og möguleikann til þess að framkvæma eitthvað frekar en ásetningin til þess að gera eitthvað. Gerendahæfni á við þegar einstaklingur er í ákveðnum aðstæðum þar sem hann er brotamaðurinn, í þeim skilningi að einstaklingurinn gat á einhverjum ákveðnum tíma hafa brugðist öðruvísi við, hann hefði getað haft áhrif á aðstæðurnar. Það sem gerðist hefði ekki gerst ef þessi einstaklingur hefði ekki blandað sér í málið. Fyrir Giddens er gerendahæfni óhjákvæmilega tengd valdi (Giddens, 1984:9). Þetta viðhorf á gerendahæfni gerir unga bardagamenn og -stúlkur að gerendum í eigin lífi og með eigin réttindi, þar sem þeir og þær geta á ákveðnum tímamarki haft áhrif á gjörðir yfirmanna sinna. Þau geta til dæmis þótt vera veik til þess að komast hjá ýmsum verkefnum, þau geta lagt á ráðin til að flýja eða þau geta innt verkin illa af hendi. En þrátt fyrir að vera gerendur er eðli gerendahæfninnar þeirra flókið og endurspeglar andstöðuna á milli barna og fullorðna (Honwana, 2005:48).

Honwana heldur því fram að barnahermenn hafi úrræðagóða gerendahæfni (e. tactical agency), með því á hún við sérstaka tegund af gerendahæfni sem er notuð til þess að ráða við nánasta umhverfið í lífi barnanna til þess að hámarka aðstæður sem skapaðar eru í ofbeldisfullu umhverfi. Gjörðir þeirra koma frá veikri stöðu, þau hafa ekkert vald. En einhvern veginn tekst þessum börnum stundum að skapa sér heim sem er þeirra eigin, þau skapa sér umhverfi þar sem þau geta rætt um fjölskyldur sínar í laumi, þau skapa pláss fyrir hlátur og leiki. En þeim tekst einnig stundum að blekkja yfirboðara sína með því að sigla undir fölsku flaggi og skipuleggja flóttaleiðir. Sum eru fullkomlega meðvituð um ódæðisverkin sem þau voru að fremja og sum gera meira en það sem er ætlast til af þeim. Svo eru enn önnur sem verða spennt í öllum æsingnum og taka ólm þátt í ferlinu, þó að þau viðurkenni það ekki. Í þessum skilningi eru þessi börn meðvitaðir og úrræðagóðir gerendur sem bregðast við kröfum og álagi í lífi sínu (Honwana, 2005:49-50).

Eins og fram hefur komið er fyrirbærið, barnahermenn, ekki nýtt af nálinni þó svo að hugtakið sé það kannski. Börn hafa tekið þátt í átökum í margar aldir. Umræðan um börn í átökum hefur fyrst og fremst verið áberandi vegna fórnarlambsstöðunnar sem þau hafa fengið í fjölmiðlum. Hér er sýnt fram á að börn eru hins vegar ekki bara fórnarlömb, mörg þeirra kjósa jafnvel að ganga til liðs við uppreisnarhópa. Umræðan um gerendahæfni barna er í beinum tengslum við umræðuna í fyrsta kafla um börn sem virka gerendur í samfélaginu í stað þess að vera óvirkir þiggjendur. Líkt og með svo margt annað sem snýr að málefnum barnahermanna þá er umfjöllunin um gerendahæfni þeirra afar flókin. Það er kannski hentugt að líta á barnahermenn sem gerendur í eigin lífi en fórnarlömb aðstæðna. Það viðhorf staðsetur þá enn á ný á gráu svæði. Vikið er sérstaklega að herstúlkum og greinarmunur gerður á hlutverkum þeirra og hlutverkum herdrengja. Í næsta kafla fjalla ég um sáttmála og lagaramma er varða börn, líkt og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### **3. kafli: Sáttmálar og lagarammar**

Fyrsta alþjóðlega reglusetningin á notkun á börnum í vopnuðum átökum var stofnsetning laga um lágmarksaldur í herskráningu árið 1977. Það var ekki fyrr en í janúar 1986 sem athygli alþjóðasamfélagsins beindist að barnahermönnum í þeirri mynd sem við þekkjum þá núna. Það gerðist þegar andspyrnuher Yoweri Museveni réðst inn í Kampala höfuðborg Úganda með fjögurra og fimm ára gömul börn með sér. Hins vegar var það ekki þannig að þessi her var sá fyrsti til þess að draga börn til liðs við sig heldur urðu þau allt í einu sýnileg (Brett og McCallin, 1996:43).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eða Barnasáttmálinn eins og hann er oft kallaður í daglegu tali var samþykktur á Allsherjarsþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 26. janúar 1990 og fullgiltur 28. október 1992. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. nóvember 1992 (Barnasáttmálinn, 1989). Barnasáttmálinn hefur verið samþykktur af 192 aðildarríkjum og er því sá mannréttindasamningur sem undirritaður hefur verið af flestum þjóðum (Umboðsmaður barna, e.d.). Svo má einnig nefna Genfar sáttmálann frá árinu 1949 sem nær til mannréttinda í stríði en náði ekki sérstaklega til barnahermanna en árið 1977 bættu Sameinuðu þjóðirnar tveimur síðareglum við sem náðu yfir þátttöku barna og réttindi þeirra í vopnuðum átökum. Síðaregla eitt nær yfir börn á aldrinum 15-18 ára og síðaregla tvö bannar þátttöku barna undir 15 ára aldri í vopnuðum átökum. Árið 2008 höfðu 110 lönd skrifað undir þessar viðbætur (HRW, 2008). Sharon Stephens (1995:40) heldur því fram að ýmsir alþjóðlegir lagarammar þjóni í mörgum tilfellum bestu hagsmunum barna og samfélaga. Þetta sýnir sig best í

aðstæðum þar sem börn eru í bráðri hættu, þar sem þjóðarmorð, pyntingar eða fangelsun eiga sér stað. Hún telur lagaramma fyrir réttindi barna einnig mikilvæga þegar taka á á málum eins og kúgun á þjóðernis- eða trúarhópum eða standa á fyrir róttækri aðlögun sem neita börnum um stöðugt félagslegt umhverfi og samheldið tungumál. En þó svo að lagarammar geti verið gagnlegir þýðir það ekki endilega að þeim sé fylgt.

Árið 1990 samþykkti Afríkubandalagið (e. African Union) sáttmála um réttindi og velferð barna. Þar segir meðal annars að gefa skal því gaum að barnið sé í einstakri og friðhelgri stöðu í afríska samfélaginu og til þess að það geti fullþroskast og blómstrað eigi barnið að alast upp í fjölskylduvænu umhverfi þar sem andrúmsloftið er fullt af hamingju, ást og skilningi. Einnig beri að viðurkenna að barnið þurfi sérstaka umönnun þegar kemur að heilsu, líkamlegum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og þurfi sérstaka lagavernd þegar kemur að frelsi, virðingu og öryggi. Jafnframt verður að taka til mið af þeim aðstæðum sem mörg börn í Afríku búa við, þær eru háðar ýmsum þáttum í umhverfi þeirra sem snúa að menningu og efnahag. Þessir þættir geta til dæmis verið náttúruhamfarir, stríðsátök, arðrán og hungursneyð og vegna þessa þarf að veita börnunum sérstaka umönnun og vernd (African Union, 1990).

„Straight 18“ er stefna sem gengur út á það að þjóðir hætti að notast við eigin skilgreiningar á barnæsku og taki þess í stað upp eina alþjóðlega skilgreiningu. Þessi stefna er gott dæmi um það hvernig pólitískur ásetningur getur verið settur fram sem venjulegar menningarlegar hegðunarreglur (Rosen, 2007:297). Hún er talin eiga rætur sínar að rekja til þeirra skilgreininga sem alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar hafa sett fram um barnæskuna. „Straight 18“ er sett fram með orðræðu mannréttindasamtaka en tekur ekki til greina félagslegar og menningarlegar breytingar í aldursflokkum þjóða. Rosen gagnrýnir hvernig þessi orðræða gerir bæði mannfræði og menningu að engu. Nokkur vandamál koma upp segir Rosen þegar þessi skilgreining er notuð á liðsöfnun og notkun á barnahermönnum. Fyrsta og augljósasta vandamálið snýr að því að þegar notuð er ein alþjóðleg skýring í bæði mannréttinda- og mannúðarlögum þá er tekið mið af þeirri staðreynd að það er ekki til nein alþjóðleg reynsla eða alþjóðlegur skilningur á barnæsku. Mannfræðin getur sýnt fram á fjölbreytileika barnæskunnar til þess að auka við skilning á henni. Annað vandamál er það að alþjóðleg lög fjalla ávallt um barnahermenn sem fórnarlömb misnotkunar fullorðinna aðila sem segir okkur það að börnin eru arðrænd og valdalaus. Þetta þýðir einnig það að ekki er hægt að gera börnin ábyrg fyrir stríðsglæpum sínum sem getur síðan skapað gremju á meðal aðstandenda þeirra sem urðu fyrir barðinu á barnahermönnum. Þriðja vandamálið kemur í beinu framhaldi af því síðastnefnda en það er að alþjóðleg lög sem taka á málum

barnahermanna taka ekki tillit til þeirra laga sem samfélagið hefur sjálft og grefur undan lögmæti lagalegra og pólitískra lausna sem herja á alþjóðasamfélagið (Rosen, 2007:297). Þó að Barnasáttmálinn sé ekki nægur einn og sér til þess að koma í veg fyrir liðsöfnun og notkun á barnahermönnum þá getur vitneskjan um hann og á honum hjálpað til við að skipuleggja áætlanir til að koma í veg fyrir að börn dragist inn í átök. Börn, hvort sem þau eru fórnarlömb eða þátttakendur í vopnuðum átökum, eru vernduð og velferð þeirra tryggð, að minnsta kosti hugmyndafræðilega séð í alþjóða- og ríkislögum (Goodwin-Gill og Cohn, 1994:169).

Sáttmálar geta reynst vel þegar sækja á fyrirverandi hermenn til saka fyrir glæpi sína en hafa ber í huga að þó að þeir séu til staðar þarf ekki endilega að þýða að þeim sé fylgt, margir uppreisnarhópar og leiðtogar þeirra hunsu vísvitandi lög um velferð barna og hljóta engar refsingar, því nægir ekki að setja einungis lög og vona svo það besta. Í næsta kafla verða eftirmálar stríðsátaka ræddir, þar á meðal hvernig og hvort hægt sé að snúa hermanni aftur í barn.

#### **4. kafli: Eftirmálar**

Að eiga við eftirmála stríðs og þá sérstaklega þegar kemur að barnahermönnum, getur verið sérstaklega vandmeðfarið og erfitt. Áskorunin er sú að reyna að snúa við þeim áhrifum sem stríðið hefur haft ásamt því að reyna að endurheimta framtíð barnsins. Eftirmálarnir eru ekki eitt stutt skref heldur geta þeir reynst vera langt ferli. Þeir fela í sér afvopnun og aðlögun fyrir börnin. Barnahermönnum er hins vegar oft gleymt eða þeir settir undir sama hatt og allir fyrirverandi bardagamenn eða -stúlkur. Oft eru stríð háð í það langan tíma að börnin eru orðin fullorðin þegar þau komast út sem gerir alla eftirmála töluvert flóknari. Einnig er tilhneiging til þess að gleyma stúlkum frekar en stráku í sáttaferlum, það er vegna þess að þær eru oft gerðar að eiginkonum uppreisnarmanna og ekki taldar með sem hermenn, en það þýðir ekki að þær hafi ekki barist með þeim sem hermenn líkt og komið var inn á hér að framan. Peter Warren Singer (2005) tekur viðtöl við fyrirverandi barnahermenn frá Kólumbíu, Súdan, Kasmír og Sierra Leone þar sem hann skoðar hvernig þau gengu til liðs við uppreisnarhópa, hvernig þau voru þjálfuð og loks send í stríð. Hann telur að það sé afar mikilvægt að mæta þörfum barna í sáttaferli annars séu þau ekki sett í þann forgang sem þau þurfa að vera í að hans mati. Þá getur það farið svo að stór hluti barnanna endi á götunni, í glæpastarfsemi eða eru dregin aftur inn í vopnuð átök (Singer, 2005:183-186).

Það ferli að aðlaga barnahermenn að samfélaginu á ný getur verið gríðarlega erfitt ferli líkt og áður hefur komið fram. Mörg þessara barna hafa séð foreldra sína myrta fyrir framan þau, stundum afhöfðaða eða innyflin tekin úr þeim. Stundum voru þau viðskila við

fjölskyldumeðlimi og sáu þá aldrei aftur. Flest hafa verið tilneydd eða hafa valið að drepa, ræna, nauðga og taka þátt í hrikalegum ódæðisverkum. Þau hafa ekki átt neitt sem talist gæti til eðlilegs lífs, þau hafa ekki gengið í skóla eða leikið áhyggjulaus eins og vestræn menning gerir ráð fyrir að börn eigi að gera. Margir viðmælendur Human Rights Watch sögðust vera orðnir þreyttir á því að berjast (HRW, 1994:39). Þeir vildu komast í skóla og verða eitthvað eins og T.C. sextán ára viðmælandi Human Rights Watch sagði.

„Ég vil fara aftur í skóla og verða blaðamaður til þess að ég geti fjallað um landið mitt og hversu tilgangslaust þetta stríð sé. Svartir að berjast við svarta. Það er tímasóun að berjast í stríði. Ég hefði getað verið í skóla.“ (HRW, 1994:46).

#### *4.1 Afvopnun og aftenging*

Afvopnun er þegar vopnum er safnað saman á átakasvæðum. Þeim er komið fyrir á öruggum stað og stundum er þeim eytt. Aftenging er þegar börn eru formlega slitin frá herjum eða vopnuðum hópum. Markmiðið í þessu ferli ætti að vera að fá vitneskju um þátttöku barnsins í átökunum, safna grunnupplýsingum til þess að finna út hver einstaklingurinn er svo hægt sé að hafa uppi á fjölskyldumeðlimum og upplýsa barnið um það hvað muni gerast næst. Aðlögun er langt ferli sem miðar að því að gefa börnum lífvænlegan kost á móti þátttöku þeirra í vopnuðum átökum og hjálpa þeim að snúa til fyrra lífs í samfélaginu. Þættir í þessu ferli eru til dæmis sameining við fjölskylduna eða þá að finna annan umönnunaraðila ef þess þarf, veita börnunum menntun og þjálfun, kenna þeim að sjá fyrir sér og í sumum tilfellum að veita sálfræðilega aðstoð (CUCS, e.d.). Þrátt fyrir að rannsóknir sem snúa að barnahermönnum séu enn tiltölulega nýlegar hafa þær fengið mikla athygli um allan heim. Sú athygli hefur haft það í för með sér að enn frekari þrýstingur hefur myndast á alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, staðbundnar ríkisstjórnir og mannúðarsamtök að taka málefni barnahermanna fastari tökum. Þetta er lærdómsferli segir Singer (2005) og því er ekki hægt að segja að nein starfsemi sem tekið hafi á málum barnahermanna hafi heppnast fullkomlega. Ríkjandi skoðun er sú að það ferli sem þarf að ganga í gegnum til þess að snúa hermanni aftur í barn skiptist í þrennt, afvopnun, aðlögun og samþættingu og því verður síðan að fylgja eftir með miklum stuðningi. Tímaraminn er ekki niðurnjörvaður en það er betra að ferlið taki einhverja mánuði frekar en vikur eða daga eins og oft vill verða þegar skortur er á bolmagni og ekki nægri athygli er beint að þörfum barnanna. Á sama hátt er ferlið sjálft ekki niðurnjörvað og algjörlega þrískipt, heldur er það frekar partur af heildaráætlun sem flæðir í

átt að einhliða markmiði sem vinnur að því að endurheimta frelsi og tækifæri týndrar barnæsku (Singer, 2005:188).

Fyrsta skrefið í ferlinu sem talað var um hér að ofan er að tryggja að börnin séu ekki lengur virk í uppreisnarhópum og að passa að það sé gert þannig að ferlið hlúi að sérstökum þörfum hvers og eins (Brett og McCallin, 1996:142). Það þarf að taka alla hermenn undir 18 ára úr uppreisnarhópum og ýta undir afvopnun. Þetta er gert með áætlun sem bindur enda á eignarhald barna á vopnum. Slíkar áætlanir ganga oft vel og gott dæmi um það er þegar vopnin eru látin í hendur utanaðkomandi stofnana. En slíkar áætlanir geta líka farið úrskeiðis og Singer (2005) nefnir afvopnun í Sierra Leone sem dæmi, þar þurftu einstaklingar að skila inn vopnunum til þess að geta farið í afvopnunarferlið en þetta útilokaði börn sem höfðu flúið með vopnin sín eða gegndu hlutverkum í stríðinu sem kröfðust ekki vopnavörslu eins og njósnarar, burðardýr eða eiginkonur. Singer vill að afvopnun barnahermanna og fullorðinna hermanna sé aðskilin. Það getur haft í för með sér að börn losna algjörlega í eitt skipti fyrir öll undan oki þeirra sem stjórna þeim og hafa haft áhrif á þau (Singer, 2005:189).

Eftir afvopnun kemur ferlið þar sem börnin eru dregin úr hernum (e. demobilized) eða aftengd eins og það er kallað en þar er börnunum komið fyrir í einhverskonar húsaskjólí eins og búðum þar sem þau eru búin undir það að snúa aftur til óbreytts borgaralífs. Ýmislegt hefur lærst á síðastliðnum árum varðandi þetta ferli og eitt af því er að búðirnar eða húsaskjólíð verður að vera staðsett eins langt og hægt er frá bardagasvæðunum. Einnig hefur það verið gert að reglu að leyfa engin vopn inn í búðirnar, þetta er gert til þess að slíta börnin algjörlega frá fyrra bardagalífi og einnig til að koma í veg fyrir að ómeðfærilegir barnahermenn spilli ekki fyrir friðarferlinu. Hafa skal í huga að afvopnunar- og endurhæfingarferlið gengur best fyrir sig þegar átökunum er lokið segir Singer. Ef ferlið er hafið þegar átökin eru enn í gangi er hætt á að það verði ekki varanlegt (Singer, 2005:189).

#### *4.2 Sættir og samþætting*

Margir halda því fram, þar á meðal Singer (2005), að erfiðasta skrefið sé síðasta skrefið, aðlögunin, þar sem börnin fá uppreisn æru sinnar. Áskorun aðlögunar barnahermanna liggur í sálfræðilegum og líkamlegum örurum sem barnahermenn bera. Það er ekki til nein ein rétt leið að aðlögun. Alþjóðlegir hjálparstarfsmenn eru ekki þeir einu sem taka þátt í aðlögunarferlinu heldur eru það oft líka heimamenn og andlegir leiðtogar sem taka þátt. Tilgangur erlendra hjálparstarfsemi á ekki að vera sá að koma í staðinn fyrir aðferðir heimamanna heldur frekar að styðja við þær. Í byrjun aðlögunarferlis er gott að byggja upp skilning á þeim aðstæðum sem börnin hafa verið sett í og að fræðast um hvernig nærliggjandi samfélög hafa höndlað

sálræn áföll, þjáningar og sættir í fortíðinni. Þetta er oft gert með því að samþætta hefðbundar andlegar leiðir heimamanna við formlega aðlögunarferlið. Slíkt getur oft auðveldað aðlögun barna að samfélaginu (Singer, 2005:193). Barnahermenn geta verið afar illa á sig komnir þegar þeir koma í afvopnunarferlið og oft eiga þeir við alvarleg heilsuvandamál að stríða. Þeir koma oft vannærðir og veiklulegir auk þess sem þeir þjást iðulega af alls kyns sjúkdómum, allt frá mislingum og niðurgangssjúkdómum til kynsjúkdóma. Einnig koma bardagastúlkurnar oft inn í ferlið óléttar eða þá að þær þjást af sálrænu áfalli tengt kynferðisofbeldi og það getur haft í för með sér auknar sjúkdómahættur (Singer, 2005:193).

Börnin þjást ekki eingöngu af líkamlegum sjúkdómum heldur eru sálræn áhrif einnig fjölbreytt og algeng á meðal þeirra. Yfirleitt hafa barnahermenn þurft að ganga í gegnum átakanlega og hörmulega atburði tengda miklu ofbeldi og það að þau séu svona ung magnar sálrænu áhrifin sem þessir atburðir hafa á þau eins og sífelldur grátur, málleysi, endurteknar martraðir og þunglyndi. Ef ekkert er gert til að reyna snúa þessu við segir það sig sjálft að þetta getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og sökum þess að kenningar um barnahermenn eru tiltölulega nýjar hafa ekki verið framkvæmdar langtíma rannsóknir sem sýna áhrifin almennilega. Því er of snemmt að segja til um hvort að endurhæfingarferlið sé að gera eitthvað gagn til þess að snúa áhrifum vopnaðra átaka við (Singer, 2005:195-6).

Samþætting er lokastigið í því að reyna að snúa hermanni aftur í barn. Þetta ferli felur það í sér að kynna börnin aftur fyrir heimili þeirra og samfélagi svo að þau geti sameinast samfélaginu á ný á jákvæðum forsendum. Útkoman sem stefnt er að er að þau endi hjá fjölskyldu sinni, þetta er talið hjálpa bæði börnunum og samfélaginu í því að snúa aftur til fyrra horfs. En það er ekki alltaf sem sameiningin er svona fullkomin. Það að finna og staðsetja fjölskylduna er ekki eina áskorunin við slíka sameiningu, viðurkenningin og vilji til þess að sættast er einnig stór áskorun sem þarf að yfirstíga. Jafnvel eftir að fjölskyldan hefur verið fundin geta bæði fjölskyldumeðlimir og barnið hikað við að sættast og oft er það af góðum ástæðum. Það getur stafað af ótta við gjörðir barnsins, ótta við refsingu og ótta við að fjölskyldan eða barnið hræðist eða tengi sig of mikið við uppreisnarhópin sem hélt barninu föngnu. Einnig getur komið fyrir að börnin séu bitur og reið út í foreldra sína og finnst þau ekki hafa gert nóg til þess að koma í veg fyrir hertökuna. Hjálparsamtök ættu því að vinna ötullega að því að undirbúa bæði börn og foreldra fyrir erfiðleika sem steðja að þeim. Áhersla á sættir og græðingu andlegra sára getur oft verið áhrifarík aðferð í slíkum undirbúning að mati Singer (Singer, 2005:200). Þetta ferli er afar mikilvægt fyrir börnin sem gætu fundist þessar aðstæður ruglingslegar og eru kannski treg til þess að slíta sig frá því að vera hermenn, það gæti komið til vegna þess að þeim finnst þau hafa spilað stórt hlutverk í þeim

erfiðleikum sem samfélagið þeirra hefur upplifað. Við afvopnun og endurhæfingu geta börnin upplifað höfnunartilfinningu vegna þess að fyrir mörgum börnunum var herinn eða uppreisnarhópurinn þeirra verndari og framfærsla, því hafa börnin oft samsamað sig honum og eru því örugg þar. Þetta þarf að taka til umhugsunar þegar samþætting við fjölskyldur og samfélagið á sér stað eftir stríð. Oft er málum þannig háttáð að það er ekki bara nóg að sameina barn og fjölskyldu heldur þarf að vinna mikið með fjölskyldunni og fylgja málum barnsins eftir. Strúktúr fjölskyldunnar gæti hafa breyst og virkni hennar. Þetta getur hamlað samþættingunni og haft alvarlegar afleiðingar á líðan barnsins (Brett og McCallin, 1996:158).

Sameining fjölskyldna er hins vegar ekki alltaf möguleiki þegar börnin hafa stundum misst alla fjölskyldumeðlimi í átökunum eða ekki er hægt að staðsetja þá. Yfirvöld verða þá að hefjast strax handa við að finna upp annað fyrirkomulag fyrir þessi börn. Í sumum löndum eins og Kólumbíu og Afganistan er komið upp áfangaheimilum, þar búa börn sem eru saman, undir einu þaki, í endurhæfingarferli. Börnin eru þá undir eftirliti kennara eða manneskju sem er þátttakandi í menntunar- eða iðnþrógrammi sem er hannað til þess að koma börnunum aftur út í samfélagið. Ef nærliggjandi samfélag er hins vegar ekki viljugt til þess að taka á móti þessum börnum þegar þau eru tilbúin til þess að fara aftur út í samfélagið, er þeim komið fyrir á stöðum sem eru ekki nálægt átakasvæðunum og þar er þeim kennt að sjá fyrir sér án þess að leiðast út í glæpastarfssemi eða hermennsku. Þegar allt kemur til alls snýst árangursrík endurhæfing jafn mikið um það hvort fjölskyldan og samfélagið er tilbúið til sáttá og hvort að endurhæfingarferlið hafi gert sitt gagn. En sættir í samfélaginu geta verið sérstaklega erfiðar þegar barnið hefur brotið á óbreyttum borgurum í eigin samfélagi (Singer, 2005:201). Hrinda verður af stað átaki til þess að vinna gegn skömminni og þeim staðalímyndum sem fylgja barnahermönnum. Það þarf að vinna gegn þeim hugmyndum í samfélögunum að börnin séu eingöngu brotamenn og leggja áherslu á að þau eru einnig fórnarlömb segir Singer (2005).

Hafa verður í huga að sum börn gætu þurft lengri tíma til þess að venjast nýjum aðstæðum og venja sig af þeim eiturryfjum sem þau voru háð í átökunum en endurhæfingarferlið má ekki vera endirinn í sjálfu sér fyrir þessi börn. Þau verða að vita að það er eingöngu tímabundið millibilsástand. Börn og fjölskyldur þeirra verða að vita að þetta er ekki svarið við aðstæðum þeirra heldur ferli sem er hannað til að koma börnunum aftur út í samfélagið (Brett og McCallin, 1996:162).

#### *4.3 Hvað er til ráða?*

Til þess að koma í veg fyrir barnahermennsku segir Singer (2005) að við getum ekki treyst á góðmennsku þeirra sem nota sér stöðu barnahermanna heldur verðum við að setja upp



raunhæft kerfi refsanna og hindranna. Slíkar aðgerðir fela í sér notkun á refsiaðgerðum gegn leiðtogum barnahermanna og stuðningsmönnum þeirra. Þessar aðgerðir munu þó ekki einar og sér koma í veg fyrir barnahermennsku og munu alls ekki stöðva hana í eitt skipti fyrir öll. Þær munu þó taka eitthvað af því forskoti sem leiðtogar hafa og það sem skiptir mestu máli er að þær tengja liðsöfnun og notkun barnahermanna við raunhæfa refsingu (Singer, 2005:210). Sums staðar taka uppreisnarhópar mark á alþjóðlegum lögum um liðsöfnun barna undir 18 ára aldri. Hræðsla við lögsókn og refsingu hefur haft einhver áhrif víðast hvar, hún ætti að minnsta kosti að gera uppreisnarmenn meðvitaðri um afleiðingarnar sem fylgt gætu því að hafa barnahermenn í liði með sér. En þó er það ennþá þannig víðast hvar að uppreisnarhópar taka ekkert mark á þessum lögum og sýna lítinn áhuga á að fara eftir þeim. Hernaðarlegar skyldur hópsins og pólitískir, efnahagslegir og félaglegir þættir sem knýja átökin áfram og verða til þess að börn skrái sig í herinn geta vegið meira heldur en lagaleg og siðferðileg rök (CUCS, 2008:24)

Þrátt fyrir að ómögulegt sé að segja til um hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir saksóknir alþjóðadómsstóla, þá munu meðlimir margra vopnaðra uppreisnarhópa að öllum líkindum halda áfram að líta á sig sem æðri dómskerfinu og virða það að vettugi. Vafalaust er hægt að gera meira til þess að koma í veg fyrir liðsöfnun barnahermanna. Til að mynda gæti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna beitt meiri pressu til þess að koma einhverju í verk, það gæti einnig verið djarfara í aðgerðum sínum gegn vopnuðum hópum. Alþjóðleg fordæming og sakfelling getur haft ansi mikil áhrif og slíkar aðgerðir gætu að minnsta kosti takmarkað liðsöfnun barna í uppreisnarhópa upp að einhverju marki. Samt sem áður verður að hafa í huga að sterkustu áhrifin er einugis hægt að kalla fram ef þessi aðferð er notuð samhliða þeirri aðferð að fá þjóðar- og alþjóðaleiðtoga ríkisstjórna og félagasamtaka til þess að vinna saman í að sannfæra átakahópa til þess að leggja niður vopnin, fylgja hópunum eftir til þess að tryggja að friður ríki og síðast en ekki síst með því að móta stefnu til þess að koma í veg fyrir frekari liðsöfnun í framtíðinni. Hlutverk samfélagsins er einnig mikilvægt, nauðsynlegt er að skilja það og strúktúr þess til þess að öðlast frekari skilning á því af hverju börn ganga í herinn. Með því að skoða samfélagið getum við einnig öðlast dýpri skilning á því hvernig hægt er að koma í veg fyrir að börn ganga í herinn. Samvinna með samfélaginu getur nýst vel til að byggja upp mótstöðu gegn liðsöfnun barnahermanna. Afskipti samfélaga af vopnuðum hópum hafa stundum reynst árangursrík í að sleppa börnum eða draga úr liðsöfnun barna. Þar sem það er hægt ætti að hvetja til þess að samfélagið taki þátt í að draga úr vandanum. En sum staðar er það ekki hægt, eins og í Sri Lanka og Írak, en þar hafa aðgerðir borgara reynst árangurslausar vegna óöryggis og ofbeldis (CUCS, 2008:25).

Ákvarðanir alþjóðasamfélagsins um að grípa til aðgerða gegn einstaklingum sem safna og nota barnahermenn hafa sýnt sig í aðgerðum ICC (e. International Criminal Court) í Sierra Leone. ICC gaf út handtökuheimild árið 2005 á fyrrum meðlimi LRA (e. Lord's Resistance Army) fyrir liðsöfnun og notkun á barnahermönnum. Í kjölfarið hafa fleiri meðlimir uppreisnarhópa eins og AFRC (e. Armed Forces Revolutionary Council) og RUF (e. Revolutionary United Front) þurft að svara fyrir sakir sínar, en það var í fyrsta skipti sem hátt settur einstaklingur hefur verið sóttur til saka þegar leiðtogi RUF, Charles Taylor var handtekinn. Ofbeldisverk sem framin eru gegn börnum hafa nýlega vakið áhuga svokallaðra sannleiksnefnda. Með stofnun þeirra er börnum og unglingum séð fyrir vettvangi þar sem þau geta komið og sagt sögu sína og hefur þetta orðið til þess að víðari skilningur á barnahermönnum og reynslu þeirra hefur skapast, sem og bata þeirra og hvernig er hægt að koma í veg fyrir að sama sagan endurtaki sig (CUCS, 2008:32).

Það eru engar töfralausnir við þessum vanda. Vopnaðir uppreisnarhópar hafa fjölbreytta einstaklinga, hugmyndafræði, markmið, hæfileika og stuðningsmenn og þeir starfa í fjölbreyttu umhverfi sem breytist hratt. Taka verður til greina að það sem gæti haft góð áhrif á einn hóp gæti virkað illa á annan. Áætlanir til þess að draga úr liðsöfnun og notkun á barnahermönnum verða að taka mið af flókinni keðju tengsla sem inniheldur bæði svæðistengda og alþjóðlega hlekki sem umkringja oft uppreisnarhópa. Vopnaðir hópar í Chad njóta sem dæmi pólitísku stuðnings nágrannaríkisstjórnanna. Pressa getur myndast á slíkum ríkisstjórnnum til þess að nota þau áhrif til að hvetja til þess að uppreisnarhóparnir lúti mannréttindalögum og alþjóðlegum mannúðarlögum (CUCS, 2008:25). Guy Goodwin-Gill og Ilene Cohn (1994) segja að gera þurfi ráðstafanir með nánustu fjölskyldu barna á átakasvæðum til þess að koma í veg fyrir að þau gangi til liðs við uppreisnarhópa. Ráðstafanirnar þurfa að byggja á því að fræða fjölskyldurnar og samfélagið og þá sem standa barninu næst og eru stærstu áhrifavaldar í lífi þess (Goodwin-Gill og Cohn, 1994:173).

Að snúa hermanni aftur í barn er erfitt og vandmeðfarið ferli. Fyrsta skrefið er að afvopnast og aftengjast uppreisnarhópnum. Annað skrefið er öllu erfiðara en það felur í sér að sættast og samþættast samfélaginu á ný. Þetta getur verið sérstaklega erfitt ef fjölskyldan finnst ekki eða neitar að sættast við barnið. Engar töfralausnir eru til við vandamálum barnahermanna og taka verður mið af mörgum þáttum ef lausn á að finnast. Málefni barnahermanna eru eins flókin og þau eru mörg og því duga engar skyndilausnir ef útkoman á að vera varanleg. Lagarammar geta nýst ef farið er eftir þeim en á meðan engar alvarlegar afleiðingar hljóttast af því að skrá og nota barnahermenn er ólíklegt að leiðtogar

uppreisnarhópa hætti því í bráð. Því gæti reynst farsæl lausn að koma á fót refsingu sem ber árangur.

## Lokaorð

Í ritgerðinni hafa helstu rannsóknir er varða barnahermenn og flókinn veruleika þeirra verið ræddar. Áður en ég hófst handa við að skrifa þessa ritgerð var ég óviss um hvað ég hafði komið mér út í. Vitneskja mín um barnahermenn var lituð af fjölmiðlaumræðunni sem ég ræddi um hér að framan en líkt og ég hef leitast við að sýna fram á með þessari umfjöllun þá er veruleiki barnahermanna afar flókinn. Ég opnaði umræðuna á almennri jafnt sem kenningarlegri umræðu um þær samfélagslegu breytingar sem átt hafa sér stað síðastliðna áratugi varðandi málefni barna. Lengi vel voru börn og barnæskan ókannað svæði í rannsóknum mannfræðinnar. Þau voru almennt álitin verðandi fullorðnir með litla sem enga gerendahæfni. En með tilkomu fjölbreytilegra rannsóknaraðferða hefur mannfræðin meðal annars sýnt fram á það að börn eru ekki eingöngu óvirkir einstaklingar heldur virkir áhrifavaldar, bæði í sínu lífi, lífi annarra barna og lífi fullorðinna einstaklinga.

Talið er að tala barnahermanna í átökum um allan heim sé um 300.000 en það getur reynst erfitt að fá nákvæma tölu sökum þess að margir barnahermenn hverfa, láta lífið eða eru ósýnilegir fyrir endurhæfingarferlinu á einhvern hátt. Sá heimur sem barnahermenn þekkja skarast á við þær hugmyndir sem vestrænar skilgreiningar á barnæskunni bjóða upp á, sú barnæska er sveipuð sakleysi og hamingju. Því getur reynst erfitt fyrir einstaklinga í vestrænum menningarheim að staðsetja barnahermenn. Barn á ekki að geta framið þá glæpi sem barnahermenn gera og hermaður getur ekki verið barn. Jafnvel orðið barnahermaður er samsett úr tveimur orðum sem passa ekki saman að margra mati. Í fjölmiðlum og jafnvel Hollywood kvikmyndum eru iðulega þrjár mismunandi myndir dregnar upp af barnahermönnum, sem fórnarlömb, sem hetjur og sem hættulegir morðingjar. Þetta eru oft ofureinfaldaðar staðalmyndir og sannleikurinn er sá að veruleiki barnahermanna er mun flóknari. Sumum börnum er rænt og þau neydd til þess að berjast. En svo eru til börn sem ganga til liðs við uppreisnarhópa sjálfviljug vegna þess að þau telja sig eiga betri möguleika á góðu lífi með uppreisnarhópnum.

Þátttaka barna í vopnuðum átökum hefur löngum verið notuð sem einkenni fyrir svokölluð ný stríð en rannsóknir hafa sýnt fram á að börn hafa verið að taka þátt í stríðum öldum saman. Ýmsir þættir valda því hins vegar að börn eru frekar á vígvellinum nú heldur en áður, eins og til dæmis léttari vopn. Einnig er auðveldara að stjórna börnum og eru þau

ódyrari í rekstri. Þetta gerir þau að eftirsóttum hermönnum. Það eru ekki bara strákarnir sem eru eftirsóttir heldur stelpurnar líka. Þær eru fengnar til þess að spila hlutverk eiginkonunnar og í mörgum tilfellum taka þær einnig beinan þátt í átökunum. Tölur um fjölda herstúlkna eru á reiki sökum þess að þær vilja oft frekar skilgreina sig sem eiginkonur hermanna frekar en herstúlkur.

Sáttmálar og lagarammar sem tengjast málefnum barnahermanna eru af ýmsum toga. Til eru alþjóðlegir sáttmálar eins og Barnasáttmálinn og til eru lagarammar sem ríkisstjórnir fylgja líkt og Afríkubandalagið. Togstreita getur myndast þegar alþjóðlegar stofnanir reyna að þvinga sáttmálum og lagarömmum yfir á samfélög sem ekki vilja vinna eftir þeim og kjósa að vinna eftir eigin leiðum. Aldurspólitíkin er einn liður í slíkri togstreitu en alþjóðalög vilja skilgreina alla undir 18 ára sem börn en því eru ekki allir sammála utan vestræns menningarheims. Vestrænar skilgreiningar og hugmyndir um barnæskuna eru samt sem áður helstu mótunaraðilar þegar kemur að lagarömmum og sáttmálum er varða barnahermenn. Orðræðan snýst um að börn séu saklausir og viðkvæmir einstaklingar sem beri að vernda en staða barnahermanna er flóknari en svo að hægt sé að skilgreina þá í þægilega lagaramma. Vestrænar skilgreiningar hunsu félags- og menningarlegt samhengi barnæskunnar og ganga út frá því að börn séu eins alls staðar í heiminum. Alþjóðlegir sáttmálar hafa einnig verið gagnrýndir fyrir það að erfitt getur verið að fylgja þeim eftir og kanna nytsemi þeirra í raun og veru. Auðvelt er fyrir uppreisnarleiðtoga að virða þá að vettugi. Samvinna á milli alþjóðlegra stofnana og heimamanna hefur reynst vel sem liður í að endurhæfa barnahermenn eftir á átökum lýkur. Taka verður til greina að staða barna getur oft verið ansi erfið og mismunandi eftir stríð. Sum börn hafa misst allt og alla í kringum sig og hafa því í engin hús að vernda. Hlúa verður sérstaklega að börnum í slíkum aðstæðum. Endurhæfingarferlið samkvæmt vestrænum stöðlum felur í sér afvopnun, aðlögun og samþættingu, auk þess sem unnið er hart að því að leita sátta í samfélaginu. Oft er málunum þannig háttað að þegar börnin voru hermenn frömdu þau hræðileg voðaverk gagnvart eigin samfélagi og jafnvel gagnvart eigin fjölskyldu. Ef barnið á að eiga afturkvæmt í samfélagið þarf að vinna í fyrirgefningu og sáttum innan fjölskyldna. Það getur oft reynst erfiðasti parturinn í ferlinu vegna voðaverkanna sem börnin frömdu.

Rauði þráðurinn í þessari ritgerð felur í sér vangaveltur um barnahermenn sem gerendur eða fórnarlömb. Þetta er erfitt úrlausnarefni sem finna má í mörgum umfjöllunum um barnahermenn og siðferðileg klemma sem flestir reka sig á, þar á meðal ég. Að líta á barnahermenn sem eingöngu fórnarlömb gerir það að verkum að þau eru firrt allri ábyrgð og geti gert það sem þau vilja án þess að þurfa að taka ábyrgð á því. Þetta er sú orðræða sem

finna má í mannréttindalögum og alþjóðasáttmálum. Það getur reynst erfitt fyrir fórnarlömb barnahermanna að kyngja því að þeir séu ekki ábyrgir fyrir gjörðum sínum. Í kjölfarið getur reynst erfitt að koma á sáttum í samfélaginu. Það er ekki gagnlegt fyrir samfélag sem er í sárum eftir vopnuð átök. Að líta á barnahermenn sem gerendur hunsar hins vegar viðkvæmni þeirra og sakleysi algjörlega. Börn eru vissulega fórnarlömb í stríði upp að vissu marki og það getur reynst hættulegt að hunsa þá staðreynd. Það að ganga til liðs við uppreisnarmenn getur reynst betri kosturinn af tveimur slæmum og því þarf að líta á málefni barnahermanna út frá stærra samhengi ef takast á að leysa þau. Eftir að hafa kafað ítarlega ofan í málefni barnahermanna og skoðað þau frá ýmsum hliðum þá er niðurstaða mín sú að barnahermenn eru fórnarlömb aðstæðna sem þau ráða ekki við en jafnframt gerendur í eigin lífi sem þarf að gera ábyrg fyrir gjörðum sínum, ekki eingöngu til þess að refsast þeim heldur einnig til þess að samfélagið fái uppreisn æru sinnar. Veruleiki barnahermanna er flóknari heldur en sú mynd sem dregin er upp af þeim í fjölmiðlum og mikilvægt er að öðlast skilning á því ef takast á að uppræta þá viðamiklu starfsemi sem barnahermennska er.

## Heimildaskrá

- African Charter on the Rights and Welfare of the Child [ACRWC]. (1990). Sótt 16. mars 2011 af:  
[http://www.africanunion.org/official\\_documents/Treaties\\_%20Conventions\\_%20Protocols/A.%20C.%20ON%20THE%20RIGHT%20AND%20WELF%20OF%20CHILD.pdf](http://www.africanunion.org/official_documents/Treaties_%20Conventions_%20Protocols/A.%20C.%20ON%20THE%20RIGHT%20AND%20WELF%20OF%20CHILD.pdf)
- Ariés, P. (1962). *Centuries of Childhood*. London: Jonathan Cape.
- Brett, R. og McCallin, M. (1996). *Children: The Invisible Soldiers*. Växjö: Grafiska Punkten.
- Brett, R. og Specht, I. (2004). *Young Soldiers: Why They Choose to Fight*. Colorado: Lynne Rienner Publishers, Inc.
- Christensen, P. og Prout, A. (2002). Working With Ethical Symmetry in Social Research with Children. *Childhood*, 9(4), 477-497.
- Coalition to stop the Use of Child Soldiers [CUCS]. (e.d.). *Child Soldiers*. Sótt 16. mars 2011 af <http://www.child-soldiers.org/childsoldiers/ddr>
- Coalition to stop the Use of Child Soldiers [CUCS]. (2004). *Child Soldiers: Global Report 2004*. Louisville: Everbest Printing Company.
- Coalition to stop the Use of Child Soldiers [CUCS]. (2008). *Child Soldiers: Annual Report 2008*. Sótt 10. mars 2011 af  
[http://www.childsoldiersglobalreport.org/files/country\\_pdfs/FINAL\\_2008\\_Global\\_Report.pdf](http://www.childsoldiersglobalreport.org/files/country_pdfs/FINAL_2008_Global_Report.pdf)
- Coulter, C. (2009). *Bush Wives and Girl Soldiers: Women's Lives Through War and Peace in Sierra Leone*. Ithaca og London: Cornell University Press.
- Denov, M. (2008). Girl Soldiers and Human Rights: Lessons from Angola, Mozambique, Sierra Leone and Northern Uganda. *The International Journal of Human Rights*, 12(5), 813-836.
- Denov, M. (2010). Child Soldiers and Iconography: Portrayals and (Mis)Representations. *Children and Society*, 25(10), 1-13.
- Giddens, A. (1984). *The Constitution of Society*. Cambridge: Polity Press.
- Goodwin-Gill, G. og Cohn, I. (1994). *Child Soldiers: The Role of Children in Armed Conflict*. Oxford: Clarendon Press.
- Hardman, C. (1973). Can There be an Anthropology of Children? *Journal of the Anthropological Society of Oxford*, 4(2), 85-99.
- Harris, J.R. (1998). *The Nurture Assumption: Why Children Turn Out the Way They Do*. New York: Free Press.

- Hirschfeld, L.A. (2002). Why Don't Anthropologists Like Children? *American Anthropologist*, 104(2), 611.
- Honwana, A. (2005). Innocent and Guilty. Child Soldiers as Interstitial and Tactical Agents. Í *Makers and Breakers. Children and Youth in Postcolonial Africa*. A. Honwana og F. Boeck (ritstj.), bls. 31-52. Oxford: James Currey.
- Human Rights Watch [HRW]. (1994). *Easy Prey: Child Soldiers in Liberia*. New York og London: Human Rights Watch.
- Human Rights Watch [HRW]. (2008). Sótt 15. mars 2011 af <http://www.hrw.org/en/news/2008/12/03/facts-about-child-soldiers>
- James, A., Jenks, C. og Prout, A. (1998). *Theorizing Childhood*. Oxford: Polity Press.
- Kaldor, M. (2005). Old Wars, Cold Wars, New Wars and the War on Terror. *International Politics*, 42, 491-498.
- Kalyvas, S.N. (2001). New and Old Civil Wars: A Valid Distinction? *World Politics*, 54(1), 99-118.
- LeVine, R.A. (2007). Ethnographic Studies of Childhood: A Historical Overview. *American Anthropologist*, 109(2), 247-260.
- Lærke, A. (1998). By Means of Re-membering. Notes on a Fieldwork with English Children. *Anthropology Today*, 14(1), 3-7.
- Mello, P. (2010). A Review Article: In Search of New Wars: The Debate About a Transformation of War. *European Journal of International Relations*, 16(2), 297-309.
- Poluha, E. (2004). *The Power of Continuity: Ethiopia Through the Eyes of its Children*. Uppsala: Nordiska Afrikainstitutet.
- Prout, A. og James, A. (1990). A New Paradigm for the Sociology of Childhood? Provenance, Promise and Problems. Í *Constructing and Reconstructing Childhood. Contemporary Issues in the Sociological Study of Childhood*. A. Prout og A. James (ritstj.), bls. 7-34. London: The Falmer Press.
- Rosen, D. (2007). Child Soldiers, International Humanitarian Law, and the Globalization of Childhood. *American Anthropologist*, 109(2), 296-306.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins [Barnasáttmálinn] frá 20. nóvember 1989.
- Scheper-Huges, N. og Sargent, C. (1998). Introduction: The Cultural Politics of Childhood. Í *Small Wars: The Cultural Politics of Childhood*. N. Scheper-Hughes og C. Sargent (ritstj.), bls. 1-33. Berkeley: University of California Press.
- Singer, P.W. (2005). *Children at War*. New York: Pantheon Books.

- Stephens, S. (1995). Introduction. Children and the Politics of Culture in “Late Capitalism“. Í *Children and the Politics of Culture*. S. Stephens (ritstj.), bls. 3-48. Princeton: Princeton University Press.
- Tilly, C. (1990). *Coercion, Capital and European States AD 990-1900*. Oxford: Basil Blackwell.
- Umboðsmaður barna. (e.d.). *Stutt umfjöllun um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt 11. mars 2011 af <http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/>
- Utas, M. (2005). Victimacy, Girlfriending, Soldiering: Tactic Agency in a Young Woman’s Social Navigation of the Liberian War Zone. *Anthropological Quarterly*, 78(2), 403-430.